

ÁRSSKÝRSLA 2013



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN



Starfsmenn í stefnumótunarvinnu 29. janúar 2013.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn: Ársskýrsla 2013.

Ritstjórn: Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.

Umbrot og frágangur: Erla Bjarnadóttir.

Forsíðumyndin er nærmynd af Þjóðarbókhöðunni. Myndin er framan á bæklingi með stefnu safnsins sem kom út í nóvember 2013

Myndirnar eru teknar af ljósmyndara safnsins, Helga Bragasyni.



EFNISYFIRLIT

FRÁ LANDSBÓKAVERÐI	4
Árangurssamningur	4
STJÓRNSÝSLA.....	6
Innra starf.....	7
Samskipti við Háskóla Íslands	12
Innlent samstarf	13
Erlent samstarf	16
Samningar	18
SKIPURIT.....	19
REKSTUR OG UPPLÝSINGATÆKNI	20
Fjármál – skrifstofhald	20
Hússtjórn	20
Starfsmannabjónusta	21
Tölvurekstur	22
Upplýsingatækni og vefstjórn	22
AÐFÖNG OG SKRÁNING	24
Skylduskil	24
Aðföng.....	25
Íslensk skráning og bókfræðistjórn	25
Erlend skráning og bókfræðistjórn.....	26
Gæðastjórn Gegnis.....	26
VARÐVEISLA OG STAFRÆN ENDURGERÐ	27
Forvarsla og bókbandsstofa	27
Myndastofa	27
Handritasafn.....	27
Íslandssafn.....	28
Sérstöfn	29
Tón- og myndasafn	29
Kvennasögusafn	29
Miðstöð munnlegrar sögu	30
MIÐLUN OG RAFRÆNN AÐGANGUR.....	31
Upplýsingabjónusta og notendafræðsla	31
Tímarit og staðalnúmer	32
Millisafnalán	32
Landsaðgangur	33
Sýningar og kynningar	33
ÞJÓNUSTA OG SAMSKIPTI VIÐ HÍ	36
Útlán.....	36
Útibú	37
Námsbókasafn.....	38
Lokaverkefni og rannsóknarit.....	38
ÁRSTÖLUR	39
Notendur og þjónusta	39
Safnkostur og rekstur	43

FRÁ LANDSBÓKAVERÐI



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN er þekkingarveita í allra þágu. Safnið veitir þjónustu á öllum sviðum vísinda og fræða. Það er í forystu um öflun, varðveislu og miðlun upplýsinga og eflir þannig menningu, rannsóknir og nýsköpun.

Áframhaldandi niðurskurður og aðhald var í rekstri safnsins, þannig að alls hefur verið skorið niður um 25% á undanförunum árum. Á sama tíma hefur orðið hækkun á öllum aðföngum til safnsins vegna lágs gengis íslensku krónunnar. Stærsti einstaki útgjaldaliðurinn var Landsaðgangur að gagnasöfnunum og stafrænum tímaritum eins og áður.

Sífelld er unnið að hagræðingu og sparnaði og hefur ýmsum verkefnum og störfum verið breytt undanfarin ár. Samkvæmt ársreikningi 2013 voru notaðar um 19 millj. kr. af uppsöfnuðum afgangi fyrri ára. Ekki var ráðið í störf nema brýna nauðsyn bæri til og ársverkem fækkaði um 0.6. Um áramót voru þó tvö störf ómönnuð. Ferðir, endurmenntun og ráðstefnur voru í lágmarki. Sértekjur voru heldur hærri en reiknað hafði verið með.

Meðal stórra verkefna á árinu var stefnumótun fyrir árin 2013-2017 en yfirskrift síðustu stefnu var notuð áfram, *þekkingarveita í allra þágu*. Fjölmarginir komu að mótun stefnunnar, bæði starfsmenn og hagsmunasamtök og samstarfsaðilar. Unnið var að nýjum samningi um TEL (The European Library) sem felur m.a. í sér að þau lýsigögn sem safnið lætur frá sér í vefgáttina Europeana eru opin gögn til hagnýtingar fyrir aðra. Safnið gerðist aðili að verkefninu *Europeana Newspapers*, en með því fæst þekking til að þróa *timarit.is* áfram. Þá tók safnið að sér úthlutun á alþjóðlegum nótnúmerum, International Standard Music Number (ISMN), fyrir útgefnaðar nótur. Safnið gerðist aðili að EURIG (European RDA Interest Group), sem eru evrópsk hagsmunasamtök um innleiðingu nýrra skráningarreglna. Ný útgáfa af *vefsafn.is* var opnuð í tengslum við afmæli safnsins. Safnið fékk afrit af íslenskum vefsíðum frá Internet Archive og sendi þangað stafræna endurgerð af gömlum íslenskum

bókum. *Lykilskrá*, sem er efnisorða- og manna-nafnaskrá Gegnis var opnuð á vef safnsins.

Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra skoðaði aðstöðu varaeintakasafnsins 16. mars í tengslum við opnun sýningar í Reykholti um Snorra Sturluson. Þá var tekið á móti nýjum mennta- og menningarmálaráðherra, Illuga Gunnarssyni, ásamt fylgdarliði þann 27. ágúst.

ÁRANGURSSAMNINGUR

Í samræmi við árangurssamning milli safnsins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá 2005 er lögð áhersla á stöðu safnsins sem þekkingarveitu. Rætt hefur verið um endurskoðun samningsins en ekki orðið af því. Áherslur í gildandi samningi eru einkum tvenns konar, *Stafrænt þjóðbókasafn* og *Stafrænt rannsóknabókasafn*. Á árinu var unnið að eftirtöldum verkefnum í þessum málaflokkum:

STAFRÆNT ÞJÓÐBÓKASAFN

Stafræn endurgerð íslensks efnis

Starfsstöð fyrir stafræna endurgerð á Akureyri var lokað, þar sem engir styrkir fengust til stórra verkefna, en áfram var unnið í Reykjavík. Nokkur kostuð verkefni voru unnin, aðallega tengd *timarit.is*. Alls voru myndaðar á árinu um 267.000 bls. sem er talsvert minna en í fyrra. Heildarfjöldi myndaðra blaðsíðna á *timarit.is* var í árslok um 4.5 milljónir. Allt efnið er ljóslesíð. Á *handrit.is* eru 1153 mynduð handrit, rúmlega 329 þús. bls. og á *bækur.is* eru 883 rit eða um 289 þús. bls. Á *islandskort.is* eru nú 771 kort frá árunum 1544-1951 og sum í mörgum útgáfum. Áfram var unnið að spjaldtölvu- og snjallsímavíðmóti vefjanna en lokið er við að setja *bækur.is* og aðalvef safnsins, *landsbokasafn.is* í slíkt víðmót.

Móttaka og söfnun stafræns íslensks efnis

Íslenskum vefsíðum er safnað reglulega í *vefsafn.is*. Vefurinn var uppfærður á árinu eins og áður segir og einnig bættust við afrit af íslenskum vefsíðum frá árunum 1996-2004 frá Internet Archive, um 47 milljónir skjala og 287 gigabæt. Nú eru rúmlega 2.550 milljónir skjala í vefsafninu eða um 47 terabæt. Fjöldi vefsetra sem tilheyra .is voru í árslok rúmlega 45 þúsund.

Safnið rekur *skemman.is* sem er opið geymslusafn fyrir námsritgerðir nemenda og rannsóknarit

starfsmanna íslenskra háskóla. Nú eru í Skemmunni rúmlega 16.000 verk.

Rafhlaðan.is er geymslusafn fyrir útgefið íslenskt efni sem verður til stafrænt. Efnið er ýmist sótt af starfsmönnum safnsins eða að einstaklingar, stofnanir og fyrirtæki senda inn efni. Í safninu eru nú um 3.500 einingar.

Lítið var unnið við tónlistarefni á árinu en tekið var á móti stafrænu efni í gegnum Miðstöð munnlegrar sögu. Lögð var áhersla á skráningu á efni Miðstöðvarinnar og unnið var að viðmóti fyrir hlustun á hljóðefni í safninu.

Leitir.is

Safnið hefur tekið virkan þátt í þróun *leitir.is* sem er samþætt leitargátt rekin af Landskerfi bókasafna hf. *Leitir.is* sem opnaði 2011 veitir upplýsingar um bækur, hljóðbækur, raðbækur, tímarit, tímaritsgreinar, ljósmyndir, myndefni, tónlist, hljóðrit, nótur, skýrslur og lokaverkefni háskólanema. Hluti gagnanna er í rafrænum aðgangi. Efnið kemur frá bókasöfnum og fleiri aðilum og á næstu árum er stefnt að því að taka inn efni frá minjasöfnum og skjalasöfnum.

STAFRÆNT

RANNSÓKNABÓKASAFN

Landsaðgangur

Landsaðgangurinn er nú lögbundið verkefni safnsins skv. lögum nr. 142/2011. Lokið var við gerð samninga við flesta birgja vegna áskrifta árána 2013-2015. Eitt helsta samningsmarkmiðið var að halda hækkunum milli ára í skefjum og náðist nokkur árangur. Einnig var reynt að ná fram uppsagnarákvæðum og að byggja á fyrri samningum. Samið var um kaup á um 3000 raðbókum í PDF-formi frá forlaginu Springer til eignar.

Íslenskir háskólar geta veitt aðgang að áskriftum Landsaðgangs og eigin séráskriftum í gegnum tímaritalista SFX Classic krækjakerfisins. Skrá Lbs-Hbs og HÍ heitir *Finna tímarit*. Stór hluti efnisins er einnig aðgengilegur í *leitir.is* og og þar er einnig boðið upp á bX ábendingaþjónustuna sem vísar notendum á skylt efni. Öll þessi kerfi eru rekin af Landskerfi bókasafna. Heildarnotkun á efni Landsaðgangs dróst lítillega saman.

Settur var á fót rýnihópur til að skoða og bera saman raðbækur frá birgjunum EbscoHost og ProQuest og skilaði hann skýrslu í desember.

Vefir og samfélagsmiðlar

Í árslok rak safnið sautján vefi og eru sumir þeirra samstarfsverkefni og hafa sitt sérstaka útlit. Hætt var rekstri á *openaccess.is* en aðrir aðilar tóku að sér að halda út vefnum *opinnadgangur.is*. Þá var sagnanetið lagt niður og efnið fært á *handrit.is* og *bækur.is*, en á móti var tekin upp talning á

munlegsaga.is. Í úttekt innanríkisráðuneytisins *Hvað er spunnið í opinbera vefi 2013* var aðalvefur safnsins með heildareinkunn 88 af 100 og í 12. sæti af 105 vefjum ríkisstofnana. Tvöföld mæling er á mörgum vefjum safnsins en þeir eru mældir bæði með Modernus og Google Analytics, sem bjóða upp á ólíka valkosti. Heildarnotkun vefjanna eykst milli ára.

Safnið er með Facebook síðu sem er notuð til að kynna viðburði og ýmislegt sem er á döfinni og eru um 1500 vinir á síðunni. Einnig halda nokkrar einingar innan safnsins úti síðum á Facebook s.s. handritasafn, tón- og myndasafn, Íslandssafn, Kvennasögusafn, Miðstöð munnlegrar sögu og Landsaðgangur.

Notendur Uglunnar, innri vefs Háskóla Íslands, geta tengst safninu á sínu svæði og fengið fréttir safnsins eða tengt í helstu úrræði í heimildaleit.

Opinn Aðgangur (Open Access)

Í upphafi árs gengu í gildi reglur um að niðurstöður rannsóknaverkefna sem styrkt eru af Rannís skuli birtar í opnum aðgangi. Rannís vísaði á Skemmuna og varðveislusafn Landspítalans, Hirsluna, sem varðveislusöfn. Safnið tók þátt í málþingi um opinn aðgang sem haldið var í Háskólanum í Reykjavík 25. okt. en markmiðið var að upplýsa um opinn aðgang og hvetja til umræðu um málið. Í Háskóla Íslands var unnið að mótun stefnu skólans um opinn aðgang og var sú vinna langt komin í árslok.

Rannsóknagagnasafn (CRIS)

Talsverð umræða var um svokallað CRIS-kerfi (Current Research Information System) eða upplýsingakerfi til að halda utan um fjármögnun rannsóknastarfs og birtingar íslenskra vísindamanna, en ekki fékkst fjármagn til að koma því á fót. Áhugi er fyrir því að Lbs-Hbs taki að sér umsjón með skráningu upplýsinga í kerfið og utanumhald um gögn.

Í ársskýrslunni er fjallað um helstu verkefni sem unnin voru innan safnsins, auk þess sem birtar eru töflur um árangursmælingar og lykiltölur um starfsemina og helstu niðurstöðutölur rekstrarreiknings.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður

STJÓRNSÝSLA

STJÓRN

Í stjórn sátu Vésteinn Ólason formaður, skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra, Rögnvaldur Ólafsson og Arnfríður Guðmundsdóttir tilnefnd af háskólaráði Háskóla Íslands, Kristín Svavarsdóttir tilnefnd af vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs og Erna Björg Smáradóttir tilnefnd af Upplýsingu. Varamenn voru Sólveig Ólafsdóttir, Ágústa Pálsdóttir, Guðmundur Freyr Úlfarsson, Magnús Gottfreðsson og Sveinn Ólafsson. Ragna Steinarsdóttir og varamaður hennar Rannver H. Hannesson voru fulltrúar starfsmanna fram í september, en þá tóku við Rósa Bjarnadóttir og Birgir Símonarson sem varamaður. Stjórnarfundir sátu einnig landsbókavörður og fjármálastjóri. Haldnir voru 9 fundir á árinu. Fundargerðir eru birtar á *Inngangi*, innri vef safnsins og sendar menntamálaráðuneytinu.

FRAMKVÆMDARÁÐ

Framkvæmdaráð hittist að jafnaði vikulega en þar er miðlað upplýsingum, verkefni samhæfð og fjallað um rekstur safnsins. Í framkvæmdaráði sátu landsbókavörður og sviðsstjórar, Edda G. Björgvinsdóttir, Ragna Steinarsdóttir, sem tók við sviðsstjórarstarfi 15. maí, Örn Hrafnkelsson, Halldóra Þorsteinsdóttir og Áslaug Agnarsdóttir. Framkvæmdaráð fundaði 34 sinnum á árinu og eru fundargerðir birtar á Inngangi.

LAGAUMHVERFI

Unnið var að endurskoðun reglugerðar um safnið til samræmis við lög nr. 142/2011 og var sú vinna langt komin í árslok. Þingsályktunartillaga um menningarstefnu var samþykkt á Alþingi 6. mars. og er það í fyrsta skipti sem

stjórnvöld marka sér slíka stefnu. Í henni er fjallað um menningarþátttöku, menningarstofnanir, samvinnu, alþjóðlegt samhengi, og stafræna menningu.

STEFNUMÓTUN

Í lok árs 2012 hófst undirbúningur að mótun nýrrar stefnu fyrir safnið. Sigurjón Þórðarson ráðgjafi hjá Gekon var ráðinn til að leiða verkefnið í upphafi og tók hann þátt í skipulagningu og stýrði fundum. Við mótun stefnunnar var haft víðtækt samráð og haldnir fundir með starfsfólki, helstu samstarfs- og hagsmunaaðilum og sérstakur fundur var haldinn með fulltrúum stúdenta frá Háskóla Íslands. Stjórn safnsins tók einnig virkan þátt í vinnunni, sótti fundi og fór yfir stefnuskjöl á mismunandi stigum. Ýmis gögn voru lögð til grundvallar s.s. lög safnsins frá 2011, bókasafnalög frá 2012, þingsályktun Alþingis um menningarstefnu frá 2013, stefna um upplýsingasamfélagið frá 2013, gögn frá Landskerfi bókasafna og Landsaðgangi auk þess sem tekið var mið af þróun í málaflokknum víða um heim. Byggt var á eldri stefnu fyrir árin 2009-2013. Þar var áhersla lögð á þjónustu, rafrænar lausnir, söfnun og skipulag stafræns efnis, auk samvinnu. Áfram verður unnið á þeirri braut en einnig lögð áhersla á rannsóknir, nýsköpun og breytingar á því rými sem safnið starfar í. Sett voru fram 61 stefnumál til næstu ára, sem skiptast í átta flokka. Til að vinna að þeim eru skilgreind 213 verkefni, stór og smá.

SKIPURIT

Núverandi skipurit tók gildi 1. janúar 2011. Það var endurskoðað 2012 til samræmis við lög nr. 142/2011 um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og nokkrar breytingar gerðar (sjá bls. 19).



Stjórn safnsins 2013.

INNRA STARF

REKSTRARÁÆTLUN

Framlag til safnsins á fjárlögum 2013 og vegna rannsóknaleyfa og kjarasamninga var 747 millj. kr. Það er nokkur hækkun frá fyrra ári sem að meginhluta skýrist af launa- og verðlagshækkunum og viðbótarframlagi vegna Landsaðgangs. Við það bættust síðan framlag HÍ vegna ritakaupa, innheimta vegna Landsaðgangs o.fl. þannig að heildartekjur safnsins voru 958.5 millj. kr. Laun hækkuðu nokkuð vegna ákvæða kjarasamninga og aðföng og þjónusta sem safnið kaupir hækkaði einnig. Í rekstraráætlun var gert ráð fyrir 24 m. kr. halla sem tekinn yrði af uppsöfnuðum afgangi fyrri ára. Hallinn varð rúmlega 19 m. kr.

VERKEFNAÁÆTLANIR

Unnar voru verkefnaáætlanir fyrir hvert svið eins og venja er. Alls voru 255 verkefni á áætlun. Fylgst er með framvindu verkefna á hverjum ársfjórðungi og í árslok er árangur metinn, hvað hefur áunnist, hvað hefur ekki tekist og hvers vegna. Lokið var við um 52.5% verkefna, en 10.6% voru enn í vinnslu en á áætlun í árslok. Hætt var við um 17% verkefna en önnur verkefni voru ýmist ekki á áætlun eða í bið.

FRÆÐSLUÁÆTLANIR

Fræðsluáætlanir voru unnar fyrir veturna 2012-2013 og 2013-2014. Á árinu sinnti starfsfólk safnsins fræðslunni að talsverðu leyti líkt og undanfarin ár og kynntu rannsóknarleyfi og ýmislegt sem er í vinnslu innan safnsins. Fjórtán starfsmenn sóttu námskeið hjá Tölvu- og verkfræðipjónustunni til að læra betur á stýrikerfi tölva, Windows, Outlook póstkerfið og Internetið. Þá tóku fjórir starfsmenn þátt í fjögurra vikna fjarnámskeiði um vef-Dewey á vegum American Library Association. Mannréttindastofa Íslands bauð upp á fræðslu um jafnrétti og tilskipanir ESB um bann við mismunun og Edda Björgvinsdóttir leikkona var með hugvekju um hómor og hvernig hægt er að beita honum til að hafa áhrif á vinnuumhverfi. Allmargir starfsmenn safnsins stunda nám eða sækja sér endurmenntun á eigin vegum. Reynt er að koma til móts við þá með sveigjanlegum vinnutíma eða lækkuðu starfshlutfalli, sérstaklega ef að námið nýtist viðkomandi í starfi eða bætir við þekkingu í safninu.

NÁMSLEYFI

Skv. kjarasamningum BHM frá 2011 hefur starfsmaður sem unnið hefur í fjögur ár hjá sömu

stofnun rétt á leyfi til að stunda endurmenntun eða framhaldsnám, enda sé það í samræmi við endurmenntunar- og starfsþróunaráætlun viðkomandi stofnunar eða starfsmanns. Safnið hefur mótað reglur um námsleyfi til að framfylgja þessu ákvæði. Þrír starfsmenn sóttu um námsleyfi á vorönn 2013 og fengu fjóra mánuði hver til að ljúka MLIS ritgerð í bókasafns- og upplýsingafræði. Það eru Helga Kristín Gunnarsdóttir til að vinna að lokaritgerð um reynslu nemenda við Háskóla Íslands af Gegni, Þórný Hlynisdóttir til að vinna að lokaritgerð um starfsumhverfi háskólabókasafna á Íslandi á stafrænni öld og Ragna Steinarsdóttir til að vinna að lokaritgerð um hvernig notendur leita í Gegni og Leitum. Markmiðið er að komast að því hvað megi bæta í skráningu og hönnun leitarviðmóts til þess að notendur fái þær upplýsingar sem þeir sækjast eftir. Helga Kristín og Þórný útskrifuðust á árinu en Ragna stefnir á útskrift 2014.

RANNSÓKNARLEYFI

Tveir starfsmenn fengu rannsóknarleyfi á árinu í einn mánuð hvor. Guðrún Eggertsdóttir til að kynna sér starfsemi Stadsbiblioteket í Árósum, Konunglega bókasafnsins í Kaupmannahöfn og Design-museum í Kaupmannahöfn, með áherslu á sérsöfn, útlánastarfsemi og námsbókasafn. Bryndís Vilbergisdóttir skoðaði stafræna yfirfærslu og varðveislu hljóðefnis, auk þjónustu við notendur í Stadsbiblioteket í Árósum, Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn, Beeld en Geluid í Hilversum í Hollandi og Þjóðbókasafninu í Wales, Llyfrgell Genedlaethol Cymru.

RÁÐSTEFNUR, MÁLÞING, FUNDIR

Skjöl sem tengjast Alþýðuflokknum

Þann 24. jan. var haldið upp á lok samstarfsverkefni Lbs-Hbs, Alþýðuhúss Reykjavíkur ehf og Styrktarsjóðs Magnúsar Bjarnasonar, um flokkun og skráningu einkaskjalasafna fólks sem tengdist Alþýðuflokknum og jafnaðarstefnunni, en verkefnið hófst 2010. Það fólk sem um ræðir eru: Barði Guðmundsson, Emil Jónsson, Hannibal Valdimarsson, Hallbjörn Halldórsson, Kristín Guðmundsdóttir, Jón Baldvinsson, Ólafur Friðriksson og Stefán Pjetursson. Við athöfnina var boðið fólki sem tengdist Alþýðuflokknum og hafa starfað fyrir hann, auk þeirra sem stóðu að verkefninu.

Þjóðsagnahandrit Jóns Árnasonar

Bragi Þ. Ólafsson fagstjóri handritasafns hélt fyrirlestur um þjóðsagnahandrit Jóns Árnasonar 31. jan. í fyrirlestrasalnum. Þjóðsögur Jóns hafa lifað með þjóðinni í 150 ár og hafa þær fest sig rækilega í sessi sem hluti af íslenskri þjóðmenningu. Jón og samferðamenn hans lögðu mikla vinnu í að safna og gefa út sögurnar, enda eru þær fjölmargar að bæði stærð og gerð. Á bak við þessa vinnu liggja handrit, bréf og vinnugögn Jóns og annarra.

Fjallkonan og Reykvíska eldhúsið – málþing

Við opnun sýningarinnar Fjallkonan og Reykvíska eldhúsið þann 8. febr. á Safnanótt, var boðið upp á stutta dagskrá. Reynir Ingibjartsson las úr endurminningum Kristínar Dahlstedt, Nanna Rögnvaldardóttir sagði frá vöruúrvali og veitingum um aldamótin 1900, Auður Styrkársdóttir flutti stutt erindi af hálfu Kvennasögusafns og Guðjón Friðriksson sagði frá Kristínu Dahlstedt. Miðstöð munnlegrar sögu var á staðnum og viðtöl við gesti um matarvenjum eða öðru sem tengist viðfangsefninu.

Afhending verðlauna – norska sendiráðið

Þann 6. febrúar afhenti norska sendiráðið verðlaun í ritgerðarkeppni Farestveit-sjóðsins sem haldin var fyrir nemendur í norsku í framhaldsskólunum. Að þessu sinni var ritgerðarefnið tengt Thorbjörn Egner. Sigurvegarinn var Helga Magnadóttir, nemandi í MR og fékk hún í verðlaun ferð til Noregs. Verðlaunin voru afhent í sýningarrými safnsins þar sem sýning um Thorbjörn Egner stóð uppi.

Fræðslu- og umræðufundur skrásetjara

Fræðslu- og umræðufundur skrásetjara Gegnis var haldinn í fyrirlestrasal 15. mars. Markmið fundarins var að fræðast um og opna umræður um skráningu efnis sem síðan er gert leitarbært í *leitir.is*. Þetta á bæði við um efni sem skráð er í Gegni og í öðrum grunnum eins og *timarit.is* og Skemmunni. Fundinn sóttu rúmlega sextíu manns.

Eiríkur og Sigríður í Cambridge - málþing

Þann 20. apríl, var haldið málþing um Eirík Magnússon bókavörð í Cambridge á Englandi og konu hans Sigríði Einarsdóttur í tengslum við opnun sýningar um þau. Þar fjallaði Pétur Pétursson um guðfræðinginn Eirík, Auður Styrkársdóttir sagði frá Sigríði og ýmsum órannsökuðum gögnum sem tengjast henni, Andrew Wawn ræddi um fræðimanninn og Guðjón Jensson rakti bankamálið og samskipti Eiríks Magnússonar við Skúla Thoroddsen, auk þess sem Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir sagði frá skrifum Eiríks um bókasafnamál í íslensk blöð og hugmyndum hans um Landsbókasafnið og bókasafnabyggingar.

Kvennasögusafn og NIKK

Dagana 23. og 24. maí héldu fulltrúar frá NIKK (Nordisk information för kunskap om kön) fund með fulltrúum frá velferðarráðuneyti, Jafnréttisstofu, félagsamtökum, rannsóknarsetrum og Kvennasögusafni Íslands. Tilgangurinn var að kynna þjónustu NIKK og heyra hugmyndir notenda og hvað betur mætti fara.

Nordic Meeting

Dagana 6. og 7. júní var haldinn s.k. Nordic Meeting í Þjóðarbókhöfðu. Fundurinn er haldinn árlega og færist á milli Norðurlandanna, en hann sækja starfsfólk bókasafna og innkaupasamlaga sem sjá um áskriftir að gagna- og tímaritasöfnum. Nítján þátttakendur sóttu fundinn og þar af voru þrettán erlendir gestir. Þátttakendur sögðu frá helstu nýjungum varðandi tækni, umsýslu með innkaupum og breytingum á aðgangi og efni. Rætt var um endurnýjun samninga við Elsevier og þá var vefkynning frá JISC á nýrri þjónustu sem nefnist Project KB+ einnig til umræðu.

Heimskommúnisminn og Ísland – málþing

Í tengslum við opnun sýningarinnar *Heimskommúnisminn og Ísland* þann 23. ágúst héldu tveir erlendir fræðimenn erindi fyrirlestrasalnum. Eistneski sagnfræðingurinn og þingmaðurinn dr. Mart Nutt flutti erindið „Eistland: Smáþjóð undir oki erlendis valds“ og pólski sagnfræðingurinn dr. Pawel Ukielski, forstöðumaður Minningarsafns um uppreisnina í Varsjá 1944, var með erindi um hina sögulegu uppreisn í Póllandi 1944.

Utangarðs? - málþing

Málþing um utangarðsfólk var haldið í tengslum við sýninguna *Utangarðs?* þann 14. sept. Jón Gnarr borgarstjóri flutti ávarp í tilefni af útgáfu nýlegra skýrsla frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar um málefni utangarðsfólks. Ólafur J. Engilbertsson, Ingvi Leifsson, Már Jónsson, Guðný Hallgrímsdóttir, Harpa Björnsdóttir og Þórarinn Eldjárn fluttu erindi um einstaklinga sem höfðu lent utangarðs og Halldór Baldursson lýsti því hvernig hann teiknaði þær persónur sem gerð eru skil á sýningunni. Þær Sigríður Hjördís Jörundsóttir og Halldóra Kristinsdóttir luku svo þinginu með því að fjalla um vinnuna við sýninguna en þær báru hitann og þungann af gerð hennar.

Heimskommúnisminn og Ísland – fyrirlestur og afhending skjala

Þann 16. sept. lauk sýningunni *Heimskommúnisminn og Ísland* með fyrirlestri dr. Andreja Valik Zver í fyrirlestrasalnum. Erindi hennar bar heitið „Hvers vegna þurfum við að minnast fórnarlambanna?“

Dr. Zver er forstöðumaður Rannsóknaseturs um sögu og þjóðarsátt í Slóveníu. Hún fjallaði um hversvegna ekki megi gleyma fórnarlömbum alræðisstefna 20. aldar í Evrópu, fasisma, nasisma og kommúnisma og tilraunir fólks til þess að rifja upp og sættast við þessa sögu. Hún færði safninu nokkur rit um rannsóknir á alræðisríkjum í Evrópu og mannréttindabrot. Fundarstjóri var Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra. Fyrirlesturinn var til minningar um og til heiðurs Arnóri Hannibalssyni prófessor sem lést 28. des. 2012. Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor afhenti safninu fjölda afrita sem Arnór fékk af skjölum sem hann fann í söfnum í Moskvu og tengdust íslenskum kommúnistum. Hafði Arnór falið Hannesi að vinna úr skjölunum og notaði hann þau í bókinni *Íslenskir kommúnistar 1918-1998* en bókinn er grunnurinn að sýningunni.

Frásagnir minninganna – sýning og útgáfa

Í ágúst 2011 var haldin í Lbs-Hbs bókmenntasmiðja fyrir Alzheimerssjúklinga á vegum Halldóru Arnardóttur listfræðings. Unnið var með Þórunni Eldjárn rithöfundu og nemendum frá Myndlistarskóla Reykjavíkur og var grunnþemað listir og menning sem meðferð við Alzheimerssjúkdómnum. Þann 19. sept. 2013 hittist hópurinn aftur til að fagna útgáfu bókarinnar *Frásagnir minninganna*, sem fjallar um verkefnið. Einnig var opnuð sýning með myndum sem urðu til í bókmenntasmiðjunni og efni sem tengist henni. Stuðningsaðilar voru auk safnsins FAAS – félag aðstandenda og áhugamanna um Alzheimerssjúkdóminn, Landspítalinn, Velferðaráðuneytið, Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Lionsklúbbur Reykjavíkur og Ölgerðin.

Málþing um barnabækur

Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir fyrrverandi landsbókavörður stóð fyrir málþingi um stöðu og framtíð íslensku barnabókarinnar í fyrirlestrasalnum 9. október, á afmælisdegi sínum. Brynhildur Þórarinsdóttir sagði frá Barnabókasetri á Akureyri, Kristín Steinsdóttir fjallaði um umgjörð barnabóka, Þórgímur Þráinsson sagði frá bókum sínum og Anna Heiða Pálsdóttir velti fyrir sér þjóðfélagsrými í barnabókum. Þá var kynntur nýr barnabókahöfundur, Kjartan Yngvi Björnsson, og Óskar Þór Þráinsson sagði frá rafrókum og nýrri lestækni, Siggerður Ólöf Sigurðardóttir ræddi um hlutverk skólasafna og Helga Birgisdóttir skyggdist inn í framtíðina og útgáfu barnabóka í tæknivæddum heimi. Málþingsstjóri var Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður. Sigrún hélt síðan fjölmenna afmælistóttöku eftir þingið.

Vatnsmerki í pappír

Rannver Hannesson og þýsku forvörslunemarnir Nikolai Krippner og Maria Loerzel héldu kynningu á vinnu þeirra hér við safnið 9. okt. Nemarnir sem eru að sérhæfa sig í forvörslu á pappír, sögðu frá námi sínu í Köln og þeim verkefnum sem þau hafa unnið að hér, m.a. hreinsun og viðgerðum á handritum, bókum og bókbandi. Þá sögðu þau frá tilraunaverkefni sem þau hafa unnið að hér, sem felst í því að taka stafrænar ljósmyndir af vatnsmerkjum í pappír í því skyni að rekja uppruna hans og aldursgreina. Rannver sagði síðan frá nokkrum merkjanna sem þeim tókst að mynda og hvers þau höfðu orðið vísari um uppruna pappírsins.

Einkaútgáfur, örförlög og annars konar miðlun frá 1977 til samtímans - málþing

Í tengslum við opnun sýningarinnar Einkaútgáfur, örförlög og fleira þann 11. okt. lásu skáldin Sjón, Bragi Ólafsson, Óskar Árni Óskarsson og Kristín Svava Tómasdóttir upp nokkur ljóða sinna og kynntu útgáfur sem þau hafa komið að. Sýningin og upplesturinn var samstarfsverkefni Lbs-Hbs, pólsk-íslenska ljóðaverkefnisins ORT og Lestrarhátíðar í Reykjavík.

Rannsóknasjóður Sigrúnar Ástrósar og Haraldar Sigurðssonar - fyrirlestur

Í tilefni af 100 ára afmæli Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur þann 18. okt. stóð stjórn rannsóknasjóðs Sigrúnar Ástrósar og Haraldar Sigurðssonar fyrir samkomu 5. des. í fyrirlestrasal. Þar flutti Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur og einn styrkþega úr sjóðnum erindið „Frásagnir af Íslandi, hugmyndir um eyjar og norðrið“ en boðið var ættingjum Sigrúnar, starfsmönnum safnsins og auk nokkurra annarra sem tengjast sjóðnum. Áður en Sumarliði tók til máls ræddi Jökull Sævarsson, sem situr í sjóðsstjórn, stuttlega um sjóðinn. Aðrir í stjórn eru Margrét Eggertsdóttir, íslenskufraeðingur og rannsóknarprófessor við Árnastofnun og Ingibjörg Jónsdóttir, landfræðingur og dósent við Háskóla Íslands.

Fræðslufundur skrásetjara

Seinni fræðslufundur skrásetjara var haldinn 29. nóvember í fyrirlestrasalnum. Fundurinn var helgaður rafrænu efni og var fjallað um tengingu milli Gegnis og Rafhlöðunnar, um skemmri skráningu, nafnmyndastjórnun (VIAF og ISNI), verkefni Rafgagnahóps, gagnahleðslur í Gegni t.d. vegna rafrænna gagnapakka og RDA skráningarkerfið.

ÖRYGGISMÁL OG TÖLVUKERFI

Öryggi á netkerfi var aukið til mikilla muna til að koma í veg fyrir óæskilega umferð eða innbrot í kerfi safnsins. Á síðasta ári var tekinn í notkun öryggisbúnaðurinn Websense og sérstök öryggissía var virkjuð í janúar, en hún takmarkar umferð óværa inn á netbúnað safnsins. Í upphafi takmarkaði sían mjög heimsóknir á samfélagsmiðla en aðlagði sig smám saman að netnotkun starfsmanna. Google Chrome vafranum var dreift á vélar starfsmanna í tilraunaskyni og ákveðið að hafa hann til áramóta og meta þá reynsluna. Af öryggisástæðum var uppsetningin takmörkuð, en Chrome hefur t.d. þær takmarkanir að bókamerki eru ekki vistuð miðlægt.

Nýr upplýsingaskjór var settur upp í anddyrinu um mitt árið. Sá gamli var orðinn ónýtur, enda er hann í gangi alla daga frá morgni til kvölds meðan safnið er opið. Nýi skjórinn er af gerðinni Panasonic og talsvert stærri og öflugri en eldri skjór.

Hýsingarsamningur fyrir rafræn gögn

Nýr hýsingarsamningur var gerður við Opin kerfi þann 8. okt. Gögnin voru færð frá Advania og eru nú hýst í Verne Global gagnaverinu í Reykjanesbæ. Leigð er aðstaða eða pláss í vélasal Verne Global, heill skápur eða 42U. Salurinn er vaktaður og aðgangsstýrður, með varaafgjafa, hita- og rakastýringu og vottaður skv. ISO27001 staðli um upplýsingaöryggi og TIER III+ staðlinum fyrir gagnaver. Samningurinn er ódýrari en fyrri samningur en plássið eykst um helming.

Samningur um Multipoint notendabúnað

Þann 19. sept. var undirritaður samningur við Opin kerfi vegna nýrra notendatölva og kaupa á Multipoint hugbúnaði til að stjórna notendatölvum á 3. og 4. hæð í sýndarumhverfi (Thin Client). Kosturinn við lausnina felst aðallega í ódýrari innkaupum á útstöðvabúnaði og sparnaði í rekstri. Unnið er að því að flytja sem mest af þjónustum safnsins í sýndarumhverfi.

Loftgæði og örverur

Fylgst er reglulega með loftgæðum í loftræsikerfum. Komið var á nýju og skilvirkara verkferli og eru rakatæki skoluð mun oftar en áður. Engin vandamál hafa komið upp á árinu.

ÚTGÁFA

Stefnt er að því að útgáfa safnsins verði sem mest í rafrænu formi. Bæklingar og kynningarefni er unnið í prentuðu formi, en margir bæklingar eru aðgengilegir á vef safnsins á PDF-sniði, allar árskýrslur safnsins frá 1994, sýningarskrár frá 2007

og *Árbók Landsbókasafns 1945-1994* er aðgengileg á *timarit.is*. Þá geta starfsmenn safnsins sett greinar í Skemmuna.

Flokkunarkerfi Deweys

Upplagið að stytta útgáfunni af *Flokkunarkerfi Deweys, ásamt afstæðum efnislykli* sem Lbs-Hbs gaf út árið 2002, þraut á árinu. Tekin var ákvörðun um að setja bókina í stafræna endurgerð og er hún aðgengileg á *bækur.is*. Safnið er nú áskrifandi að vef-Dewey ásamt nokkrum öðrum söfnum.

Handbók skrásetjara

Lokið var við að uppfæra *Handbók skrásetjara* um mitt árið og meðal nýjunga eru þrjár stuttar upptökur eða skjákennsla, sem sýnir hvernig unnið er við afmörkuð verkefni í Gegni. Þetta er tilrauna-verkefni, unnið í emission-fjarkennslukerfinu, en höfundar eru Hildur Gunnlaugsdóttir, Rósa Sigvaldadóttir og Sóley Hjartardóttir. Átta ár eru síðan *Handbók skrásetjara* fór á netið og hún hefur fyrir löngu sannað gildi sitt og er mikið notuð af þeim sem skrá í Gegni.

Lykilskrá Gegnis

Lykilskrá, sem er rafræn skrá yfir efnisorð og mannanöfn í Gegni, var opnuð í byrjun nóvember. Skráin er tvískipt. Efnisorðahlutinn byggist á *Kerfisbundnum efnisorðalykli* (3. útg. 2001) með breytingum sem samþykktar hafa verið í efnisorðaráði sem starfar á vegum Landskerfis bókasafna. Nú eru rúmlega 9.500 efnisorð í skránni.

Umsjón með nafnmyndaskrá fyrir mannanöfn í Gegni er í höndum Aðfangasviðs. Aðaláhersla er lögð á íslensk mannanöfn. Flestir Íslendingar sem skráðir eru fyrir efni í Gegni eru í nafnmyndaskránni með ártölum og/eða nánara auðkenni, oftast starfsheiti. Nafnmyndafærslur fyrir erlend mannanöfn eru gerðar þegar vísa þarf frá mismunandi rithætti eða dulnefnum. Nú eru um 75.000 mannanöfn í skránni. Upplýsingatæknihópur setti skrána upp en gögnin eru dregin vikulega úr Gegni og því má segja að hún sé í stöðugri vinnslu.

Þjóðsögur Guðmundar frá Gegnishólum

Sögufélag Árnesinga gaf út í ritröð sinni *Þjóðsögur Guðmundar Sigurðssonar frá Gegnishólum*, en Guðmundur tók saman mikið þjóðfræðihandrit sem nú er varðveitt í Árnastofnun. Inngang að útgáfunni ritaði Ögmundur Helgason, fyrrum forstöðumaður handritadeildar, en Kristján Eiríksson hjá Árnastofnun og Sjöfn Kristjánsdóttir einnig fyrrverandi starfsmaður handritadeildar sáu um útgáfuna. Lbs-Hbs styrkti útgáfu ritsins.

[Þekkingarveita í allra þágu](#)

Stefna safnsins var gefin út í 16 bls. bæklingi í nóvember. Honum var dreift til allra þátttakenda í stefnumótunarvinnunni og til samstarfsaðila.

[Skýrsla rýnihóps um rafbækur](#)

Í desember skilaði rýnihópur um rafbækur skýrslu, en hópurinn starfaði á vegum Lbs-Hbs til að skoða framboð á rafbókum á markaði og hvaða bóka-pakkar gætu hentað í áskrift fyrir Landsaðgang. Hópurinn kannaði sérstaklega rafbókapakka frá EBSCOhost og Ebrary. Í hópnum voru: Birgir Björns-son, Lbs-Hbs – formaður, Ragna Björk Kristjáns-dóttir, Háskólanum í Reykjavík, Sara Stef. Hildar-dóttir, Listaháskóla Íslands, Anna Sveinsdóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands, Guðrún Kjartans-dóttir, Bókasafni Landspítala, Ingvi Þór Kormáks-son, Borgarbókasafni og Ásdís Hafstað, Bókasafn Menntaskólans við Hamrahlíð.

Á Bókasafnsdeginum 9. sept. valdi starfsfólk bóka-safna uppáhalds handbókina sína. Tvö rit frá safn-inu voru meðal vinsælustu bókanna, *Handbók skrásetjara* og *Flokkunarkerfi Deweys*.

[VEFMÆLINGAR](#)

Haldið var utan um 17 vefi á vegum safnsins á ár-inu. Modernus sá um talningu á flestum vefjum safnsins en fyrirtækið hefur framkvæmt mæling-arnar frá því í október 2004. Google Analytics var einnig notað til að fylgjast með notkun vefjanna, en aðferðirnar bjóða upp á ólíka kosti. Enn varð aukn-ing á notkun vefjanna á árinu, en heildarfjöldi not-enda var rúmlega 1.2 milljón, innlit voru rúmlega 2 millj. og síðuflettingar um 10.5 millj. *Timarit.is* er langvinsælasti vefurinn en *skemman.is* sækir veru-lega á og er í öðru sæti. Þá kemur aðalvefurinn og *hvar.is* en vefirnir *bækur.is*, *vefsafn.is* og *handrit.is* njóta einnig talsverðra vinsælda. Notkun þeirra mun væntanlega aukast í takt við aukið efni. Vefur-inn *sagnanet.is* hefur verið tekinn niður og lénið látið vísa á *handrit.is* og síðunni *openaccess.is* var

einnig lokað þar sem aðilar utan safnsins settu upp svipaðan vef sem talinn var þjóna sama tilgangi. Nýr vefur í talningu er *munlegsaga.is*.

[Í VIKULOKIN](#)

Landsbókavörður sendir reglulega út pistla undir heitinu *Í vikulokin*. Pistlarnir eru sendir á alla starfsmenn, stjórn safnsins og starfsfólk bókasafns Menntavísindasviðs HÍ. Tilgangurinn er að draga saman það helsta sem gerst hefur undanfarna viku og veita upplýsingar um þau verkefni sem verið er að vinna að í safninu og samskipti við aðila utan safns. Alls voru sendir út 43 vikulokapistlar á árinu og er þeim jafnframt safnað á *Inngang*.

[STARFSMANNAFUNDIR](#)

Fyrir utan fundi með starfsmönnum vegna stefnu-mótunarvinnunnar var haldinn einn almennur starfsmannafundur á árinu. Þann 27. nóvember var kynnt lokaútgáfa af nýrri stefnu safnsins 2013-2017, *Þekkingarveita í allra þágu*, fjármálastjóri fór yfir fjármál safnsins, vinna við endurskoðun nýrrar reglugerðar um safnið var kynnt og tillögur hag-ræðingarhóps ríkisstjórnarinnar um sameiningu stofnana voru kynntar.

[STARFSMANNAFÉLAGIÐ HLÖÐVER](#)

Í stjórn 2013-2014 voru kosin: Auður Styrkårs-dóttir, Birgir Símonarson, Erlendur Már Antonsson, Hjörleifur Hjörtþórsson, Jósefína Ólafsdóttir og Katrín Alfa Snorradóttir. Félagið stóð fyrir ýmsum uppákomum á árinu m.a. nýársfagnaði, kjallara-söng, handavinnukvöldum, staffakaffi, barsvari, leynivinaleik og tiltektar- og skreytingadegi.

[MÖTUNEYTI](#)

Cesar veitingar undir stjórn Ægis Finnbogasonar sáu um rekstur mötuneytis fyrir starfsmenn og kaffistofu á 2. hæð og sáu einnig um fundi og mót-tökur á vegum safnsins.

SAMSKIPTI VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

SAMSTARFSSAMNINGUR OG SAMSTARFSNEFND

Samstarfssamningur Háskóla Íslands og safnsins er frá 2009. Í samstarfsnefnd voru af hálfu HÍ Halldór Jónsson sviðsstjóri Vísindasviðs og Jenný Bára Jensdóttir fjármálastjóri. Af hálfu safnsins sitja í samstarfsnefndinni Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður og Áslaug Agnarsdóttir sviðsstjóri Þjónustusviðs. Samstarfsnefndin gekk frá greiðslum á hlut HÍ fyrir Primo Central Index vegna *leitir.is* og fjallaði m.a. breytingar á námi í bókasafns- og upplýsingafræði, um reglur um skil í Skemmuna, drög að stefnu HÍ um opinn aðgang að rannsóknarupplýsingum sem hefur verið í umsagnarferli innan skólans, Cris-kerfi og varðveislu rannsóknargagna.

HÁSKÓLAÞING

Háskólaþing kom tvisvar saman á árinu. Þann 19. apríl var fjallað um drög að stefnu HÍ um opinn aðgang að rannsóknaniðurstöðum og nýjar áskoranir og tækifæri fyrir kennslu og kennsluhætti. Þann 14. nóvember var fjallað um viðmið og kröfur um gæði meistaranáms, gæði náms og kennslu þar sem fram komu sjónarmið nemenda og ýmis nýmæli, auk þess sem starfsemi Endurmenntunar HÍ, sem hélt upp á 30 ára afmæli á árinu, var kynnt.

SKEMMAN OG SKIL NÁMSRITGERÐA Á STAFRÆNU FORMI

Rekstur Skemmunnar gengur vel og er vefurinn meðal vinsælustu vefja safnsins og jókst notkun verulega á milli ára. Allir háskólarnir eru þátttakendur í samstarfinu. Þróun Skemmunnar er stjórnað af verkefnisstjórn sem í sitja fulltrúar allra samningsaðila. Fulltrúar safnsins eru Áslaug Agnarsdóttir og Kristinn Sigurðsson. Um mitt ár var tíu þúsundasta skjalið samþykkt inn í Skemmuna, en elsta efnið er frá 2007. Áfram var rætt um hvaða efni eigi heima í Skemmunni og hvort ástæða sé til að gera breytingar. Einnig var rætt um uppfærslu á hugbúnaðinum til þess að safnið geti tekið við efni sem stenst kröfur Evrópusambandsins um opinn aðgang að rannsóknaniðurstöðum. Áhersla er lögð á að efni í Skemmunni sé í opnum aðgangi. Ljóst er að HÍ þarf að endurskoða reglur um skil lokaritgerða ef skólinn samþykkir stefnu um opinn aðgang.

STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Einn fundur var haldinn með hagsmunanefnd stúdenta. Í samráði við stúdentaráð er afgreiðslutími í prófum lengdur um nokkra klukkutíma.



Framkvæmdaráð 2013.

INNLENT SAMSTARF

HÁSKÓLABÓKAVERÐIR

Háskólabókaverðir hittast reglulega og á árinu voru haldnir 3 fundir, í Lbs-Hbs, í bókasafni Landspítala - Háskólasjúkrahúss og í bókasafni Háskólans á Bifröst. Meðal helstu mála sem rædd voru má nefna: Skemmuna, greiðsluskiptingu vegna Primo og Primo Central Index, nýjar þjónustur og kennsluvefi háskólabókasafna á netinu, opinn aðgang, upplýsingakerfi um rannsóknir og nýsköpun (CRIS), opin gögn og tengd opin gögn, rafbækur, virðisaukaskatt á rafrænt efni og Creative Knowledge ráðstefnuna.

LANDSKERFI BÓKASAFNA

Starfsmenn safnsins taka sem fyrr mikinn þátt í vinnu við þróun og uppfærslur *Gegnis*, *gegnir.is* og *leitir.is* og sérfræðingar frá safninu sjá um og taka þátt í kennslu á námskeiðum á vegum Landskerfis bókasafna. Landsbókavörður fer með hlut ríkisins í stjórn fyrirtækisins. Í stjórn Landskerfis bókasafna eru Árni Sigurjónsson formaður, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, Karl Guðmundsson og Pálína Magnúsdóttir. Framkvæmdastjóri er Sveinbjörg Sveinsdóttir.

Á vegum Landskerfis starfa skráningarráð og efnisorðaráð. Fulltrúi safnsins í skráningarráði er Sigrún Jóna Marelsdóttir en Hildur Gunnlaugsdóttir gæðastjóri *Gegnis* situr einnig fundi ráðsins. Aðrir í ráðinu eru Þóra Sigurbjörnsdóttir, Áslaug Þorfinnsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir og Sigrún Hauksdóttir. Í efnisorðaráði hafa setið frá 2004 Elísabet Halldórsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir, af hálfu safnsins, og Þórdís T. Þórarinsdóttir. Safnið sér um alla efnisorðavinna í *Gegni*.

Á árinu voru liðin 10 ár frá því að *Gegnir* var tekinn í notkun. Fyrirtækið stendur mjög vel fjárhagslega og hefur verið mikil lyftistöng fyrir starfsemi bókasafna í landinu. Í lok árs var um 1.1 millj. titla skráð í kerfið og fjöldi eintaka var 5.5 milljónir. Útlán á árinu 2013 voru tæplega 3.4 milljónir.

HASK - Handbók skrásetjara *Gegnis*

Handbók skrásetjara *Gegnis*, sem starfsmenn safnsins sjá um, var uppfærð á árinu. Meðal nýunga eru þrjár stuttar upptökur eða skjákennsla, sem sýnir hvernig unnið er við afmörkuð verkefni í *Gegni*. Haskið hefur fyrir löngu sannað gildi sitt og er mikið notuð af þeim sem skrá í *Gegni*. Umferð um vefinn *hask.landsbokasafn.is* er talin eins og á öðrum vefjum safnsins.

SFX krækjuckerfið

Nokkur háskólasöfn hafa notað SFX frá árinu 2009 en grunnupplýsingar um áskriftir í Landsaðgangi eru í kerfinu auk upplýsinga um séráskriftir hvers skóla. SFX er krækjuckerfi sem býr til krækju á efni í rafrænum aðgangi. Ef notandi hefur ekki aðgang að efninu fylgja upplýsingar um hvernig hægt er að nálgast það. SFX má einnig nota sem tímaritalista og til að setja fram leitarniðurstöður. Útgáfa Lbs-Hbs heitir *Finna tímarit*. Unnið var að samræmingu og tengingu gagna á árinu og verða leitarheimtur sífellt betri.

Primo central Index (PCI) og bx ábendingaþjónustan

Gengið var frá greiðsluskiptingu vegna Primo Central Index fyrir birtingu rafrænna áskrifta í *leitir.is* og bx ábendingaþjónustunnar, Landsaðgangur greiðir 60% og háskólarnir skipta á milli sín 40% skv. greiðslulíkani Landsaðgangs.

Tenging á milli *Gegnis* og Rafhlöðunnar

Í október var tekinn í notkun hugbúnaður sem færir rafræn gögn skráð í *Gegni* inn í Rafhlöðuna. Hugbúnaðurinn var þróaður af upplýsingatæknihóp í samráði við skylduskil, íslenska skráningu og Landskerfi bókasafna. Þegar rafrænt efni er skráð í *Gegni* er settur sérstakur kóði í færsluna. Hún flyst síðan sjálfvirk inn í Rafhlöðuna og hugbúnaðurinn reynir einnig að hlaða inn undirliggjandi stafrænum gögnum. Starfsmenn skylduskila fara yfir færsluna í Rafhlöðunni til að tryggja að stafrænu gögnin hafi skilað sér áður en færslan er birt. Um þúsund færslur hafa farið á milli, aðallega opinbert efni. Þetta ætti að auðvelda skil á efni í Rafhlöðuna frá aðilum með skráningarheimild í *Gegni*.

Rafgagnahópur

Í maí var skipaður nýr hópur á vegum Landskerfis bókasafna. Hlutverk hans er að móta framtíðarsýn varðandi aðgengi að rafrænu efni á *leitir.is*, en slíkt efni verður sífellt fyrirferðameira í bókasöfnum. Birgir Björnsson og Hildur Gunnlaugsdóttir eru fulltrúar Lbs-Hbs.

Útlán rafbóka

Rætt var við ýmsa aðila um rafræn útlán á bókasöfnum og fylgst með þróun erlendis, en áhugi er á því að Landskerfi bókasafna hafi forgöngu um þau mál.

The European Library (TEL) og Europeana

Í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið var ákveðið að Landskerfi bókasafna yrði aðili að samstarfssamningi um TEL – The European Library vegna birtingar lýsigagna úr íslenski útgáfuskra undir leyfisskilmálum Creative Commons Zero (CC 1.0) í TEL og Europeana. Þar sem gögnin, sem eru dregin úr Gegni, eru sameign aðildarsafnanna og því bæði í eigu ríkis og sveitarfélaga var talið eðlilegt að félagið væri aðili að samningnum. Hann var undirritaður 7. janúar 2014.

Þjónustusamningur við Rekstrarfélag Sarps

Landskerfi bókasafna og Rekstrarfélag Sarps gerðu með sér þjónustusamning til tveggja ára frá og með 1. sept. 2013. Á grunni samstarfsins tekur Landskerfið að sér umsjón með daglegum rekstri Rekstrarfélagsins og fagstjóri Sarps verður með aðstöðu í húsakynnum Landkerfis. Markmið samstarfsins er að ná fram auknu gæðaeftirliti með skráningu í Sarp, öflugri notendabjónustu, auknu aðgengi almennings að gögnum í Sarpi með því að gera þau aðgengileg í gegnum *leitir.is*, auk samræmingar í skráningu ólíks safnskots. Rekstrarfélag Sarps er í eigu fjölmargra safna og stofnana í eigu ríkis og sveitarfélaga s.s. Þjóðminjasafns, byggðasafna og annarra safna. Félagið á og rekur gagnasafnið Sarp.

ALEFLI, NOTENDAFÉLAG GEGNIS

Formi Aleflis og lögum félagsins var breytt á síðasta ári og byggist starfsemin á skiptingu í safnategundir en ekki á stjórnunareiningum eins og áður. Helga Kristín Gunnarsdóttir sat í fulltrúaráði Aleflis fyrir hönd safnsins.

Notendaráðstefna Aleflis

Notendaráðstefna Aleflis 2013 var haldin í Þjóðar-bókhöðunni 24. maí. Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir fjallaði um opin gögn og tengd opin gögn, Ásdís Huld Helgadóttir og Telma Rós Sigfúsdóttir frá Landskerfi bókasafna sögðu frá nýju verklagi við úthlutun notendaaðkenna í Gegni, og nýjungum við *leitir.is*, Sigríður Bjarnadóttir frá Borgarbókasafni sagði frá innleiðingu millisafnalánabáts Gegnis, Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður sagði frá nýjum sjálfsafgreiðsluvélum í Borgarbókasafni og Hrafn H. Malmquist sagði frá skráningu og varðveislu rafræna gagna í Rafhlöðunni.

SAMLAG UM ÁSKRIFT AÐ VEF-DEWEY

Í byrjun árs 2012 tók Lbs-Hbs samlagsáskrift á landsvísi að WebDewey, sem er vefútgáfa Dewey flokkunarkerfisins. Safnið heldur utan um áskriftina og úthlutar aðgangsorðum. Upphaflega tóku fimm

söfn utan Lbs-Hbs þátt en þau eru orðin þrettán og er mikil ánægja með kerfið. Áskrift að Vef-Dewey stuðlar að samræmi í flokkun og stöðugu aðgengi að nýjustu uppfærslu kerfisins, þannig að þetta er liður í samræmingu og þróun starfshátta bókasafna hér á landi.

UPPLÝSING – FÉLAG BÓKASAFNS- OG UPPLÝSINGAFRÆÐA

Reglulegir fræðslufundir Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræða, undir heitinu Morgunkorn voru haldnir öðru hvoru í fyrirlestrarsal safnsins. Nokkrir starfsmenn gegna ábyrgðarstöðum fyrir félagið. Rósa Bjarnadóttir er í stjórn og Hrafn H. Malmquist er í varastjórn. Sigurgeir Finnsson er í höfundaréttarhópi Upplýsingar og Anna María Sverrisdóttir er ritstjóri *Bókasafnsins* og Erlendur Már Antonsson í ritnefnd.

Bókasafnið

Tímaritið *Bókasafnið* kom út í júní. Í því voru greinar eftir fjóra starfsmenn safnsins, Anna María Sverrisdóttir skrifaði um ritrýni og stöðu blaðsins með hliðsjón af matskerfi opinberra háskóla, Hrafn H. Malmquist skrifaði um tæknivæðingu þekkingar, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir gerði grein fyrir helstu nýmælum í nýjum bókasafnalögum og Kristjana Mjöll Hjörvar, sem verið hefur sumarsarfsmaður undanfarin ár, skrifaði um umfjöllun þriggja íslenskra fréttavefmiðla um WikiLeaks.

Bókasafnsdagurinn

Bókasafnsdagurinn var haldinn hátíðlegur í bókasöfnum um allt land þann 9. sept. Halldóra Þorsteinsdóttir sat í undirbúningsnefnd af hálfu safnsins. Ýmislegt var á dagskrá í bókasöfnum og gerði starfsfólk sér dagamun. Það valdi uppáhaldshandbækurnar sínar og útbúið var veggspjald með titlum þeirra 100 bóka sem oftast voru nefndar. Tvær útgáfur frá Lbs-Hbs komust á listann þ.e. *Handbók skrásetjara* og *Flokkunarkerfi Deweys*. Í Lbs-Hbs voru til sýnis handbækur sem voru valdar á listann. Þá voru sýndar þær tvær kvikmyndir sem gerðar hafa verið um safnið, annars vegar mynd um Landsbókasafn Íslands frá 1968 og svo mynd sem byggingarnefnd Þjóðarbókhöðun lét gera 1990 þegar verkefnið gekk afar hægt. Einnig var boðið upp á gjafabókahlaðborð fyrir gesti.

NÁMSBRAUT Í BÓKASAFNS- OG UPPLÝSINGAFRÆÐI

Erlendur Már Antonsson starfsmaður safnsins kenndi flokkun við námsbraut í bókasafns- og upplýsingafræði á vorönn.

LANDSNEFND UM MINNI HEIMSINS

Árið 2012 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra landsnefnd um Minni heimsins til þriggja ára. Nefndin hefur það hlutverk að kynna verkefnið um Minni heimsins á Íslandi og auka skilning á margvíslegum verðmætum sem felast í andlegum menningararfi heimsins. Nefndin skal velja mikilvæg gögn á sérstaka landsskrá og síðar senda umsóknir um skráningu á heimsskrá Minni heimsins hjá UNESCO. Unnið var að þýðingum á ýmsu kynningarefni á árinu. Formaður nefndarinnar er Guðrún Nordal forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar og aðrir í nefndinni eru Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður og Bjarki Sveinbjörnsson forstöðumaður Tónlistarsafns Íslands.

GRUNNSÝNING UM ÍSLENSKA LISTA- OG MENNINGARSÖGU Í SAFNAHÚSINU

Árið 2012 skipaði mennta- og menningarmálaráðuneytið verkefnisstjórn fyrir grunnsýningu um íslenska lista- og menningarsögu í Þjóðmenningarhúsinu. Þjóðmenningarhúsið fluttist undir forræði Þjóðminjasafnsins 1. júní 2013 og verður sýningin sett upp undir forystu þess. Unnin voru drög að tillögu um grunnsýninguna og ráðinn sýningarstjóri. Gert er ráð fyrir að sýningin opni 2014. Formaður verkefnisstjórnar er Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður og aðrir í nefndinni eru Guðrún Nordal forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar, Halldór Björn Runólfsson forstöðumaður Listasafns Íslands, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður og Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður. Náttúruminjasafn Íslands bættist í hópinn á árinu og er Hilmar J. Malmquist fulltrúi þess í verkefnisstjórn. Ennfremur var sett á fót sýningarstjórn með fulltrúum frá öllum söfnunum. Fulltrúi safnsins í sýningarstjórn er Ólafur J. Engilbertsson.

HANDBÓK UM VARÐVEISLU SAFNKOSTS

Lbs-Hbs tekur þátt í þýðingu og staðfæringu *Handbókar um varðveislu safnkosts* ásamt Þjóðminjasafni Íslands og Þjóðskjalasafni Íslands. Bókin er eingöngu gefin út rafrænt á vef Þjóðminjasafnsins og hófst útgáfan í árslok 2011. Smám saman verður nýjum köflum svo bætt við. Handbókin er ætluð öllum sem starfa við varðveislu menningararfsins. Við undirbúning var vönduð og ítarleg bandarísk handbók höfð til hliðsjónar, *National Park Service Museum Handbook*. Kaflar úr henni voru nýttir sem fyrirmynd að íslensku handbókinni, en forverðir og sérfræðingar á ýmsum sviðum hafa þýtt og staðfært textann með íslenskar aðstæður í huga. Rannver H. Hannesson forvörður hefur tekið þátt í þessu samstarfi af hálfu safnsins, en ritstjóri er Nathalie Jacqueminet fagstjóri forvörslu á Þjóðminjasafni Íslands.

BÓKASAFNARÁÐ

Bókasafnaráð sem komið var á fót með bókasafnalögum nr. 150/2012 hélt fyrsta fund sinn 3. október í Þjóðarbókhöðunni. Ráðið er skipað til fjögurra ára í senn og skal vinna að stefnumörkun um starfsemi bókasafna, setja reglur um söfnun og vinnslu tölfraðilegra upplýsinga um bókasöfn á Íslandi, setja bókasafnasjóði úthlutunarreglur, veita umsagnir um styrkumsóknir í bókasafnasjóð og sinna öðrum verkefnum skv. nánari ákvörðun ráðherra. Í fjárlagafrumvarpi 2014 var ekki gert ráð fyrir framlagi til bókasafnasjóðs. Formaður ráðsins er Páll Valsson, en aðrir fulltrúar eru Hrafn A. Harðarson, Siggerður Ólöf Sigurðardóttir, Sigrún Blöndal og Viggó Gíslason. Landsbókavörður og forstöðumaður Hljóðbókasafns sitja einnig fundi ráðsins.



Starfsmenn í stefnumótunarvinnu 29. janúar 2013.

ERLENT SAMSTARF

NORON

Norrænir lands- og ríkisbókaverðir hittast reglulega og hafa með sér óformlegt samráð. Einnig tekur þátt yfirmaður Stadsbiblioteket í Árósum, en safnið hefur hlutverk sem þjóðbókasafn. Tveir fundir voru haldnir, sá fyrri í Árósum dagana 21.-22. janúar, en þar var kynnt margvísleg stafræn þjónusta á vegum Stadsbiblioteket, en auk þess að vera landsbókasafn, sinnir það almenningsbókasöfnum í Danmörku. Sérstaklega var rætt um stafræna endurgerð norrænna vísindatímarita og höfundaréttarmál.

Seinni fundurinn var haldinn í Reykjavík 28.-29. maí. Þar var fjallað um opin gögn, samvinnu bókasafna, skjalasafna og minjasafna, auðgun lýsigagna fyrir stafrænt efni, leyfi um not á stafrænu efni, ný bókasafnalög á Íslandi og í Noregi og undirbúning nýrra laga um skylduskil í Noregi. Starfsmenn safnsins kynntu *timarit.is* og nýjungar í *vefsafni.is* og fylgdust með umræðu um opin gögn.

NORDBIB

Nordbib verkefninu lauk formlega með ráðstefnu í Kaupmannahöfn 2012. Öllum verkefnum er lokið nema stafrænni endurgerð norrænna vísindatímarita, en unnið er að því.

CENL – CONFERENCE OF EUROPEAN NATIONAL LIBRARIANS

27. ársþing samtaka evrópskra þjóðbókavaraða CENL var haldið í Baku í Azerbaidjan dagana 23.-25. sept. Á dagskrá þingsins, sem jafnframt er aðalfundur, var fjallað um framtíð Evrópubókasafnsins TEL og Europeana og hvernig megi gera starfsemina sjálfbæra. Ennfremur voru lagðar fram tillögur um nýtt skipulag og greiðslulíkan fyrir TEL og var hvort tveggja samþykkt á fundinum. Þá var rætt um samstarf þjóðbókasafna við einkageirann, um stafræna endurgerð menningararfsins og kynntar voru nýjungar í stafrænni endurgerð og framsetningu efnis. Þjóðbókasafn Azerbaidjan varð 90 ára á árinu og var þess minnst með ýmsum hætti.

EVROPUVERKEFNI

Safnið tók þátt í Evrópuverkefnum sem rekin eru á vegum eða í tengslum við CENL.

Evrópubókasafnið - TEL

Safnið er fullgildur aðili að Evrópubókasafninu (The European Library - TEL) síðan 2007 en CENL rekur verkefnið. Evrópubókasafnið býður upp á samleit á vefnum www.theeuropeanlibrary.org að gögnum

frá 48 evrópskum þjóðbókasöfnum og nokkrum stórum evrópskum rannsókn- og háskólabókasöfnum. Fyrirhugað er að TEL safni saman stafrænu efni og lýsigögnum frá bókasöfnum og miðli áfram til Europeana en hætti með tímanum að miðla efni á eigin vef. Hluti vefjarins hefur verið þýddur á 35 tungumál, þar á meðal íslensku. Framlag Lbs-Hbs felst í að vinna gögn sín þannig að hægt sé að tengja þau við Evrópubókasafnið og síðan Europeana. Unnið var að breytingum á skipulagi og stjórnkerfi Evrópubókasafnsins og Europeana á árinu í því skyni að gera reksturinn sjálfbær, en bæði verkefni hafa að mestu verið rekin af styrkjum frá Evrópusambandinu og framlögum frá þjóðbókasöfnunum. Unnið var að nýjum samningi vegna TEL þar sem lýsigögn verða gefin frjálts undir Creative Commons Zero (CC0) leyfinu og gert er ráð fyrir að Landskerfi bókasafna verði aðili að samningnum vegna Gagnis.

Europeana

Europeana, www.europeana.eu er fjölmenningar-gátt á netinu og veitir aðgang að fjölbreyttu stafrænu efni evrópskra bókasafna, skjalasafna og minjasafna. Gáttin var opnuð 2009 og hluti hennar hefur verið þýddur á 29 tungumál, þar á meðal á íslensku. Þýðingin var unnin í Lbs-Hbs. Rekstri Europeana er stýrt af Europeana Foundation. Um 1500 stofnanir í Evrópu eiga efni í Europeana og er Europeana Network n.k. notendafélag eða samstarfsvettvangur þeirra, auk þess að eiga fulltrúa í stjórn Europeana Foundation. Lbs-Hbs er aðili að samstarfsnetinu. Europeana hefur opnað til frjálsra afnota lýsigögn fyrir meira en 20 milljónir stafrænna eininga úr menningargeiranum. Lýsigögnin eru aðgengileg undir Creative Commons Zero (CC0) leyfinu, en þá má nota þau í hvaða tilgangi sem er og án nokkurra hindrana. Tengiliður safnsins við Europeana er Kristinn Sigurðsson.

Europeana newspapers

Safnið undirritaði í byrjun árs samning við Staatsbibliothek zu Berlin um auka aðild (associated partner) að Evrópuverkefni sem ber yfirskriftina *Europeana – Newspapers*. Tilgangurinn er að safna upplýsingunum um stafræna endurgerð dagblaða og tímarita og miðlun þeirra, nýta nýjustu tölvutækni til að bæta leitir í ljóslesnum texta, finna aðferðir við að efnisgreina innihald og nota nýjustu tækni við birtingu. M.a. er unnið að því bera kennsl á manna- og staðarnöfn í texta, afmarka betur greinar og texta, bæta frágang og stöðlun á lýsigögnum og varðveislumálum. Aðkoma safnsins felst í vinnustofum og fundum, auk þess sem möguleiki er á að bæta efni í gagnasafnið og þróa áfram *timarit.is*. Tengiliður er Örn Hrafnkelsson.

Medievo Europeo COST

Safnið hélt áfram þátttöku í verkefninu *Medievo Europeo - Medieval Cultures and Technological Resources* sem er hluti af COST áætlun Evrópusambandsins (*European Cooperation in Science and Technology*), ásamt Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Árnasafni í Kaupmannahöfn. Tilgangurinn er að byggja upp samstarfsnet evrópskra safna og stofnana sem varðveita handrit og skjöl fyrri alda. Safnið sendir upplýsingar um sín verkefni í sameiginlega gagnagrunn. Tengiliður er Örn Hrafnkelsson.

Republic of Letters 1500-1800 COST

Í árslok var ákveðið að safnið taki þátt í samstarfsnetinu *Republic of Letters 1500-1800* sem einnig er innan COST áætlunar Evrópusambandsins. Íslenskur samstarfsaðili er Hugvísindasvið HÍ en Rannís tilnefnir fulltrúa í stjórn verkefnisins. Markmið þess er að safna og greina upplýsingar um bréfskipti vísinda- og fræðimanna í Evrópu á tímabilinu 1500-1800, koma á þverfaglegu samstarfi og koma afurðum þess á framfæri við almenning. Tæknilegt markmið er þróun staðals um skráningu, lýsingu og birtingu bréfa frá þessu tímabili. Tengiliður safnsins verður Bragi Þ. Ólafsson og Már Jónsson verður tengiliður HÍ.

IFLA-ÞING Í SINGAPORE

79. IFLA-þingið var haldið í Singapore dagana 17.-23. ágúst undir yfirskriftinni *Future Libraries: Infinite Possibilities*. Enginn starfsmaður safnsins sótti þingið en nokkrir Íslendingar tóku þátt.

CDNL – CONFERENCE OF DIRECTORS OF NATIONAL LIBRARIES

Árlegur fundur alþjóðasamtaka landsbókavara var haldinn í tengslum við við þing IFLA. Meðal umræðuefna voru þjóðbókasöfn framtíðarinnar, kynning á þjóðbókasöfnum Malasíu og Víetnam, kynning á viðræðum um sameiningu þjóðbókasafns og þjóðskjalasafns Singapore.

IIPC – INTERNATIONAL INTERNET PRESERVATION CONSORTIUM

Safnið er þátttakandi í IIPC en samtökin hafa það markmið að þróa aðferðir og tól til að safna og varðveita vefsíður einstakra landa þannig að vit

rænt og menningarlegt innihald Netsins fari ekki forgörðum. Nýr samningur fyrir árin 2013-2015 var undirritaður 8. janúar. Kristinn Sigurðsson situr í stjórn samtakanna af hálfu safnsins. Jafnframt tekur safnið þátt í starfi vinnuhóps um söfnun vefsíðna (Harvesting Working Group). Nú eru um 40 söfn aðilar að samtökunum.

ALÞJÓÐLEGUR SUMARSKÓLI Í HANDRITA-FRÆÐUM

Dagana 14.-22. ágúst var haldinn alþjóðlegi sumarskólinn í handritafræðum í Reykjavík á vegum Stofnunar Árna Magnússonar og Árnasafns í Kaupmannahöfn, í samvinnu við Lbs-Hbs og háskólana í Tübingen, Zürich og Cambridge. Var þetta í 10. skiptið sem skólinn starfaði. Náminu er skipt upp í þrjár annir, grunn- og framhaldshópa, auk master class. Meistarahópurinn hafði aðsetur í Þjóðarbókhöfðu, þar sem sjö nemendur unnu að því að búa Egilsrímur til útgáfu. Egilsrímur eru aðeins varðveittar í tveim handritum, annað er á Árnastofnun en hitt er varðveitt í Héraðsskjalasafni Skagfirðinga. Rímurnar voru samdar í Dalasýslu á 17. öld og hafa aldrei verið gefnar út. Frá safninu var Sigríður Hjördís Jörunds dóttir í hópi nemenda.

STORIES FOR ALL TIME: THE ICELANDIC FORNALDARSÖGUR

Á síðasta ári var gerður samningur við Arnamagnæanske Samling í Kaupmannahöfn um verkefnið *Stories for all time: The Icelandic fornaldarsögur*. Tilgangur þess er að stuðla að ítarlegri skráningu, lýsingu og myndun á handritum er hafa að geyma íslenskar fornaldarsögur og sem varðveitt eru í safninu. Hlutur Lbs-Hbs felst í að undirbúa handrit til myndunar og skráningar og miðla efninu á netið. Um er að ræða 94 handrit.

INTERNATIONAL STANDARD MUSIC NUMBER - ISMN

Í lok árs 2012 var undirritaður samningur við International ISMN Agency um úthlutun alþjóðlegra staðalnúmera fyrir prentað tónlistarefni og nótur (International Standard Music Number). Úthlutun hófst á árinu en verkefnið er í umsjón tímaritahalds sem, sér einnig um úthlutun ISBN og ISSN númera.

SAMNINGAR


08.01.2013	Consortium Agreement for International Internet Preservation Consortium (IIPC) 2013-2015
07.03.2013	Associated Partnership Agreement for inclusion in the project Europeana Newspapers – A Gateway to European Newspapers Online.
08.03.2013	Samningur við Neytendasamtökin um stafræna endurgerð <i>Neytendablaðsins</i> .
25.03.2013	Samningur við Bændasamtök Íslands um stafræna endurgerð <i>Bændablaðsins</i> .
09.08.2013	Samningur við Kjarninn miðlar ehf um stafræna endurgerð og miðlun <i>Kjarnans</i> .
09.08.2013	Samningur við Morgundag ehf um stafræna endurgerð og miðlun <i>Fréttatímans</i> .
09.08.2013	Samningur við Fröken ehf um stafræna endurgerð og miðlun <i>The Reykjavík Grapevine</i> .
01.09.2013	Samningur við Keili útgáfufélag ehf um stafræna endurgerð <i>Fjarðarpóstsins</i> .
10.09.2013	Samningur við Opin kerfi vegna kaupa á Multipoint notendabúnaði fyrir sýndarumhverfi tölva á 3. og 4. hæð.
18.09.2013	Samningur við Félag bókagerðarmanna um stafræna endurgerð tímaritanna <i>Bókbindarinn</i> , <i>Fréttabréf Félags bókagerðarnema</i> , <i>Kveldstjarnan</i> , <i>Prentarinn</i> og <i>Prentneminn</i> .
08.10.2013	Samningur við Opin kerfi um hýsingu á afritum af stafrænum gögnum safnsins.
21.10.2013	Samningur við Prentlausnir og tæki ehf um alþjónustu fyrir prentun gesta í safninu.
29.10.2013	Samningur um netáskrift að DV fyrir tölvur í þjóðarbókhöðunni.
29.10.2013	Samningur um afhendingu allra útgefna tölublaða af DV á PDF formi til birtingar á <i>timarit.is</i> með þriggja ára birtingartöf.
22.11.2013	Samkomulag við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Sagnfræðistofnun HÍ um DAN-ÍS, danskt-íslenskt gagnasafn um Dani og danska menningu á Íslandi á 20. öld.
12.12.2013	Samstarfssamningur við Steinshús um að efla kynningu á ævi og verkum Steins Steinarr og varðveislu gagna um hann.

Samningar vegna Landsaðgangs:

Samningar vegna EBSCOhost Premier, ProQuest Central, Karger Online og SAGE Premier voru framlengdir til eins árs vegna 2014.

09.01.2013	Viðauki við Wiley Online.
07.03.2013	Viðauki við samning Elsevier.

SKIPURIT



Skipurit 1. apríl 2012.



Samstarfs- og hagsmunaaðilar í stefnumótunarvinnu 12. febrúar 2013.

REKSTUR OG UPPLÝSINGATÆKNI

Sviðið ber ábyrgð á allri innri þjónustu safnsins, þ.e. fjármálum, starfmannamálum, almennu skrifstofuhaldi, upplýsingatækni, vefumsjón, rekstri húss og lóðar, auk samninga um rekstur mótuneytis og veitingastofu. Sviðsstjóri rekstrarsviðs er jafnframt fjármálastjóri safnsins. Í árslok var fjöldi starfsfólks 12 og ársverk voru 12. Sviðsstjóri er Edda Guðrún Björgvinsdóttir.

FJÁRMÁL – SKRIFSTOFHALD

Ársreikningur safnsins fyrir árið 2013 liggur fyrir og eru helstu tölur úr honum birtar í árstölum safnsins á bls. 43 og þar kemur einnig fram skipting rekstrargjalda (sjá einnig bls. 7). Niðurstaðan er 19.1 millj. kr. halli, en gert var ráð fyrir 24.8 millj. kr. halla í rekstraráætlun. Afkoman er því betri en reiknað var með og er það ekki síst að þakka aðhaldi í rekstri.

Skjalastjórn

GoPro skjalastjórnarkerfið hefur verið í notkun síðan 2007 og er hýst hjá kerfisveitu Hugvits. Nú hafa 36 starfsmenn aðgang að GoPro.net, sem er í útgáfu 2.5. Alls voru stofnuð 200 (218) mál í GoPro árið 2013. Þá var einnig unnið að frágangi eldri skjala í geymslu og skráningu í File Maker gagnagrunna. Málaskráin var tilkynnt til þjóðskjalasafns Íslands sem úrskurðaði að mynda skuli vörsluútgáfu fyrir tímabilið 2007-2011 og skila til þí árið 2014.

HÚSSTJÓRN

Hlutverk hússtjórnar er að sjá um viðhald og rekstur þjóðarbókhöðunnar hafa umsjón með kerfum og búnaði hússins, annast samskipti við þjónustuverktaka, vöktun og ýmsa þjónustu við starfsmenn. Hússtjórn hefur umsjón með ljósritunarvélum og prenturum ásamt ljósritun fyrir gesti og starfsmenn. Starfsmenn eru fjórir.

Framkvæmdir

Sumarliði Aðalsteinsson, málarameistari hússins málaði stigaganga og ganga framan við snyrtingar. Ákveðið var að endurnýja 50 rúður á 3. og 4. hæð, glerið var orðið mjög ljótt, mikil móða og óhreinindi milli glerja. Glerið var tekið hjá Samverki á Hellu að undangengnu útboði. Nokkrir verktakar fengu útboðsgögn í vinnuliðinn, en fyrir valinu varð Virkni ehf. Verkið var síðan unnið í einni lotu í júlí. Notaður var körfubíl þar sem því var við komið. Haldið var áfram að pússa og lakka tréhandrið. Handrið í stigagangi 3 voru kláruð. Á fjórðu hæð náðist að bæta átta stafgólflum við enda hillurekka í K2. Hillur og gaflar voru til í geymslu. Gólf í matsal

starfsmanna var slípað og lakkað, en við reglu-bundið viðhald á gólfinu var notaður bónleysir sem skemmdi lakkið, þess vegna þurfti að slípa gólfið. Aðgangskerfi fyrir leskerbergi var endurnýjað, eldra kerfi var orðið það gamalt að ekki var lengur hægt að halda því við af tæknilegum ástæðum. Sett var aðgangsstýrikerfi frá Securitas, gamla kerfið var frá þeim og þótti hagstæðast að fá þá til að endurnýja búnaðinn. Hægt var að nota allar lagnir aftur. Nýr upphringibúnaður fyrir viðvörðunarkerfi var settur upp, búnaðurinn var fenginn frá Securitas sem hefur vaktað kerfin frá upphafi.

Þrif

Þrifin voru með sama hætti og undanfarin ár. Teppin voru þrifin í maí-júní, milligler þrifið í nóvember. Veggskildir og rúðugler að utan var þrifið í júní.

Ýmislegt

Á fyrsta vinnudegi ársins fór fram hefðbundin prófun á öryggisbúnaði hússins. Unnið var í bólstrun stóla eins og undanfarin ár. Skipt var um element í pönnu í eldhúsi. Endurnýjaðar voru kíleimar í stóru loftræsikerfunum. Í október var gerður rekstrarsamningur við fyrirtækið PLT – Prentlausnir og tæki, um rekstur prentara og ljósritunarvélar fyrir gesti safnsins. Fengnar voru fjórar nýjar ljósritunarvélar og tveir prentarar. Gömlu vélarnar voru komnar til ára sinna og var þeim fargað. Lenel hússtjórnarkerfið var uppfært í útg. 6.5. af starfsmönnum Nortek. Skipt var um rafhlöður í öllum EMC stýrivélunum fyrir loftræsikerfi. Nokkrar EMC stýrivélar voru yfirfarnar. Undirbúningur fyrir endurnýjun á stýrikerfinu er hafinn. Verkfræðistofan Mannvit var fengin til að gera kostnaðaráætlun. Aðgerðin er töluvert umfangsmikil og bent er á að til þess að fá nákvæma kostnaðartölu þurfi að teikna kerfið upp á nýtt.

Varaeintakasafn í Reykholti

Nokkrir fundir voru haldnir vegna breytinga á rekstri gamla skólahússins í Reykholti sem hýsir varaeintakasafnið. Stefnt er að því að Fasteignir ríkisins taki við rekstri fasteigna á staðnum. Leki frá þaki uppgötvaðist og var smiður fenginn til að fara yfir þakið og festa pappa til bráðabirgða.

Lóð




Garðlist sá um lóðarhirðu eins og undanfarin ár. Vegna fyrirhugaðrar byggingar Húss Íslenskrar fræða var sprinkler- og ljósleiðaralögn að Þjóðar-bókhöllu grafinn upp og færð til norðurs. Lögnin tengist í Suðurgötuna og liggur þaðan að húsinu. Vegna sprengingar á klöpp var settur skjálftamælir í kjallara.

Geymslusafn í Mjódd

Leki frá verslunarhúsnæði kom fram í lofti, en það var lagað.

STARFSMANNAPJÓNUSTA

Starfsmannapjónusta heldur utan um öll málefni sem tengjast starfsfólki, s.s. kjaramál. Í árslok störfuðu 75 starfsmenn hjá Lbs-Hbs í 68,78 ársverkum. Níu starfsmenn hættu störfum á árinu, þar af sex vegna aldurs og tímabundinna ráðninga. Eiginleg starfsmannavelta árið 2013 var 4%. Sex starfsmenn voru ráðnir til starfa á árinu 2013, þar af fjórir námsmenn.



Jafnréttissjónarmiðið er gætt í starfi safnsins. Stefnt er að jafnara hlutfalli kvenna og karla meðal starfsfólks.


Fræðsla

Nokkrir fyrirlestrar voru haldnir á árinu, Halldóra Þorsteinsdóttir, sviðsstjóri Miðlunar sagði frá rannsóknarleyfi og heimsókn til Bergen og Varsjár 2012, Margrét Steinarsdóttir frá Mannréttindaskrifstofu Íslands fór yfir tilskipanir ESB um bann við mismunun, Bragi Þorgrímur Ólafsson, fagstjóri handritasafns sagði frá Jóni Árnasyni og þjóðsagna-söfnun hans og Edda Björgvinsdóttir leikkona var með stutta dagskrá um hómur á vinnustað.

Í febrúar tóku fjórir starfsmenn íslenskrar skráningar þátt í fjarnámskeiðinu *Using WebDewey and understanding Dewey Decimal Classification*, sem haldið var á vegum ALA (American Library Association). Námskeiðið stóð í fjórar vikur og byggðist á fyrirlestrum og kennslumyndböndum og vikulega þurfti að skila inn 2-4 verkefnum.

Fjórtán starfsmenn sóttu almennt tölvunámskeið á vegum Tölvu- og verkfræðipjónustunnar, en kennt var í 3 klst. á dag í 4 daga.

Tíu starfsmenn sóttu 13 málþing, fyrirlestra og ráðstefnur sem snúa sérstaklega að starfi þeirra, ss. UT messuna 2013, Morgunkorn og námskeið á vegum Upplýsingar, námskeið um skjalavörslu á vegum Þjóðskjalasafns og málþing um ríkisrekstur á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála. Hér hefur eingöngu verið nefnd fræðsla sem safnið hefur skipulagt eða greitt fyrir. Þá eru ótalin námskeið og fyrirlestrar á vegum fagfélaga og fyrirtækja sem starfsfólk sækir sér að kostnaðarlausu eða eru innifalin í árgjöldum félaga.



TÖLVUREKSTUR

Hlutverk tölvureksturs er að sjá um að tölvur, netþjónar og netbúnaður safnsins séu í góðu lagi svo ekki verði truflun á starfsemi þess. Á árinu var samið við Opin kerfi um kaup á tveimur gagnageymslum til varðveislu á stafrænu efni safnsins. Aðalgagnageymslan er hýst í vélasal Þjóðarþóklöðu en varagagnageymsla í gagnaveri Verne Global í Reykjanesbæ. Lausnin kemur frá HP og

nefnist 3Par StoreServ. Diskarými jókst talsvert á milli ára og er heildargeymslurými safnsins tæp 130 terabæt.

Einnig var samið við Opin kerfi um útskipti á gestatölvum safnsins, um 50 talsins og innleiðingu lausna frá HP/Microsoft, HP Thin clients og Remote Applications frá Microsoft. Innskönnunarverkefni safnsins sem staðsett hefur verið á Amtsbókasafninu á Akureyri var lagt niður og var tölvubúnaðurinn þar í eigu safnsins fluttur suður. Sýndarumhverfi safnsins var uppfært í nýjstu útgáfu frá Microsoft Hyper-V, en það var jafnframt tímafrekasta verkefnið. Nú eru flestar þjónustur safnsins sem mega og geta keyrt í sýndarumhverfi komnar í slíkt. Mikið hefur sparast í vélbúnaðar kaupum vegna þessa. Þjónustur fá nú sinn eigin sýndarþjón svo sem *timarit.is*, *skemman.is* o.s.frv. í stað þess að nýta sama vélbúnað líkt og áður var gert. Á árinu urðu til um 20 sýndarþjónar en við það losnuðu um 10 eldri vélbúnaðarþjónar úr rekstri með tilheyrandi sparnaði. Rekstur hjálparborðs var mjög fyrirferðamikill en alls urðu verkeiðnirnar 681 talsins.

Í heild spannar tölvukerfi safnsins 364 nettengd tæki sem eru í umsjón tölvureksturs. Þar af eru 60 netþjónar, 31 Microsoft Windows þjónar og 23 Linux Redhat þjónar, 165 útstöðvar, þ.e. tölvur starfsmanna og gesta, auk 85 lp símtækja.

UPPLÝSINGATÆKNI OG VEF-STJÓRN

Upplýsingatæknihópur greinir, þróar og innleiðir upplýsingatækniverkefni í safninu í samvinnu við aðrar starfseiningar. Verkefnin eru ýmist þróuð innan safnsins eða unnin í samvinnu við aðra, m.a. erlenda samstarfsaðila. Starfsemin var fjölbreytt, bæði gömul verkefni og ný. Það er eðli verkefnanna að vinnu við þau lýkur ekki fyrr en þau eru lögð af, því eftir innleiðingu hefst viðhald og oft þarf að gera breytingar eða bæta við nýjum verkþáttum.

Landsbókasafn.is

Á árinu var opnuð farsímaútgáfa fyrir aðalvef safnsins, *landsbokasafn.is*. Gerir þetta notendum slíkra tækja mun auðveldara að sækja helstu upplýsingar, svo sem um opnunartíma og símanúmer.

Vefsöfnun

Framkvæmd vefsafnanna gekk eðlilega á árinu, en þrjár heildarsafnanir á íslenska þjóðarléninu .is voru gerðar. Yfir 45 þúsund lén tilheyra þjóðarléninu og söfnuðust að meðaltali um 92 milljónir skjala í hverri söfnun. Um er að ræða svipað magn og árið 2012. Vikulegum söfnunum á sérvöldum vefjum var einnig haldið áfram á árinu. Um var að

ræða vefi sem valdir voru af starfsmönnum skylduskila m.t.t. þess að um væri að ræða vefi með efni sem skipti máli í þjóðmálaumræðu og að vefirnir væru uppfærðir ört. Var listinn endurskoðaður nokkuð og jókst umfang söfnunarinnar miðað við 2012. Einnig var gerð ein atburðasöfnun tengd Alþingiskosningum. Gekk söfnunin vel en söfnunarlotur voru 25. Starfsmenn skylduskila leituðu að þeim vefjum sem fjölluðu um kosningarnar og var þeim síðan safnað reglulega. Um mitt ár hófust tilraunasafnanir á nokkrum fréttavefjum þar sem stuðst var við RSS fréttastreymi þeirra. Gerir þetta mun tíðari safnanir mögulegar. Tilraunin gekk vel og gert er ráð fyrir að slíkar safnanir verði komnar í reglulegan rekstur 2014.

Vefsafn.is

Vefurinn, *vefsafn.is*, sem veitir aðgang að vefsöfnunum var tekin í gegn á árinu. Hafði vefnum ekkert verið breytt frá því að hann var opnaður 2009 og því var kominn tími til. Undirliggjandi hugbúnaður var uppfærður í nýjustu útgáfu. Endurbættur vefur var opnaður á afmælishátíð safnsins 29. nóvember. Var þá einnig opnaður aðgangur að vefefni sem safnið fékk frá Internet Archive og spannar íslenskar vefsíður frá 1996-2004. Vefsafnið náði áður til 2004 en nær nú aftur til 1996.

Tímarit.is

Notkun á vefnum *tímarit.is* jókst um tæp 10% árið 2013 miðað við 2012. Vefurinn er langvinsælasti vefur safnsins. Litlar breytingar urðu á virkni vefjarins á árinu, en ráðgert að gera vefinn aðgengilegri úr spjaldtölvum og snjallsímum á næstunni.

Rafhlaðan.is

Rafhlaðan.is er stafrænt gagnasafn. Þar er einkum varðveitt skylduskilaefni sem gefið er út á PDF formi. Þar má nefna skýrslur og greinargerðir stofnana, ráðuneyta og fyrirtækja. Rafhlaðan var

tengd við Gegni á árinu þannig að rafrænt efni sem skráð er í Gegni getur nú farið, nánast sjálfvirk, inn í Rafhlaðuna. Verður áfram unnið að því að bæta þetta ferli á komandi ári.

Skemman.is

Skemman.is er einnig stafrænt gagnasafn og er sameiginleg geymsla háskólanna á Íslandi fyrir námsritgerðir og rannsóknarrit. Rekstur Skemmanar var með eðlilegum hætti árið 2013 og voru engar stórar breytingar gerðar á vefnum.

Handrit.is

Handrit.is er samstarfsverkefni Lbs-Hbs, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Den Arna Magnæanske Samling í Kaupmannahöfn. Vefurinn hýsir handritalýsingar stofnananna þriggja og nokkurra annarra stofnana, auk mynda af handritunum þar sem þær eru til. Rekstur vefjarins var með eðlilegum hætti á árinu og voru engar stórar breytingar gerðar á honum.

Bækur.is

1. desember 2010 var vefurinn *bækur.is* opnaður. Þar er hægt að nálgast stafrænar endurgerðir af íslenskum bókum. Unnið er að því að mynda allar íslenskar bækur sem eru utan höfundarréttar og birta á vefnum. Skv. samkomulagi sem gert var við Internet Archive er nú sent afrit af öllum mynduðum bókum sem eru utan höfundarréttar til hýsingar þar. Þetta kemur í staðinn fyrir íslenskt vefefni sem safnið fékk fyrir vefsafnið en eykur jafnframt öryggi gagnanna þar sem það er vistað á fleiri stöðum.

Íslandskort.is

Mikið endurbættur kortavefur var opnaður í lok 2012. Nær vefurinn nú til efnis fram undir miðja 20. öld. Rekstur vefsins var með eðlilegum hætti 2013 og voru engar stórar breytingar gerðar á honum.



Starfsmenn í stefnumótunarvinnu 29. janúar 2013.

AÐFÖNG OG SKRÁNING

Sviðið ber ábyrgð á þaulsöfnun skilaskylds íslensks efnis og uppbyggingu ritakosts í þágu háskólanáms og rannsóknna, móttöku gjafa, flokkun, skráningu, bókfræðistjórn og gæðastjórnun í Gegni, auk þess að ganga frá efni til útláns og notkunar. Í árslok voru 19 starfsmenn í 18,13 ársverkum. Sviðsstjóri frá maí 2013 er Ragna Steinarsdóttir.

SKYLDUSKIL

Í skylduskilum er unnið að móttöku, innheimtu og ráðstöfun nýrra íslenskra rita samkvæmt lögum um skylduskil. Ennfremur er unnið að frágangi og aðfangaskráningu þessa efnis og eldra efnis sem berst og reynt að fylla inn í það sem vantar af eldra efni. Árið 2011 var tekin upp aðfangaskráning í Gegni fyrir bækur og ársskýrslur, en ferli aðfangaskráningar var breytt nokkuð í árslok 2013. Á árinu var unnið innleiðingu aðfangaskráningar fyrir íslensk tímarit í Gegni, en umsýsla tímarita úr prentskilum, svo sem móttaka, innheimta, frágangur til bókbands eða annars umbúnaðar fer fram í skylduskilum. Rafrænn þáttur skylduskila fer vaxandi svo sem söfnun efnis og móttaka þess og val á vefsíðum sem vefsafnanir eiga að ná til. Safnað er

prisvar á ári öllu sem er á léninu .is. Völdum vefsíðum er safnað vikulega, einkum vefsíðum miðla sem breytast ört. Helstu viðmið varðandi val á þessum vefjum eru að þeir geymi efni sem telst áhugavert í þjóðfélagslegri umræðu hér á landi, s.s. fréttafni, stjórnmálaskrif, fregnir af menningaratburðum, tíðindi af landsbyggðinni o.fl. Einnig að viðkomandi vefur sé opinn öllum, breytist ört og að hætta sé á að forvitnilegt efni hverfi fljótlega af honum. Slíkar slóðir voru í lok árs 108 talsins. Einnig er safnað efni sem varðar Ísland eða Íslendinga og er til á öðrum lénum en .is. Erlendar slóðir voru í desember 1.160 talsins. Sérstök viðburðasöfnun fór fram í tengslum við kosningar til Alþingis 2013 og önnur fyrir prófkjör vegna sveitarstjórnarkosninga í apríl 2014. Þá eru framkvæmdar tíðari safnanir á lénum tengdum kosningunum.

Rafhlaðan

Umsjón með Rafhlöðunni er í skylduskilum, en Rafhlaðan er varðveislusafn fyrir stafrænt efni. Eftir grisjun á Rafhlöðunni og endurskilgreiningu á hlutverki hennar vorið 2013 fækkaði færslum í Rafhlöðunni um 1.000. Þá var sett upp brú á milli Gegnis og Rafhlöðunnar í samvinnu við Landskerfi bókasafna til þess að draga úr tvískráningu og auka skilvirkni. Alls hafa 1669 verk í Gegni verið eyrnamerkt Rafhlöðunni með þessum hætti og færð á milli kerfa. Fjöldi færslna í Rafhlöðunni í árslok var um 3.700. Hlutverk Rafhlöðunnar í framtíðinni verður einkum að varðveita rafbækur og annað rafrænt efni sem ekki verður aðgengilegt um netið. Einnig verður þar varðveitt efni sem ekki er talin ástæða til að skrá í Gegni, s.s. auglýsingar og smælki af ýmsu tagi.

AÐFÖNG

Ritakaup HÍ

Fjárveiting frá einstökum sviðum Háskóla Íslands til safnsins vegna ritakaupa á árinu 2013 var sem hér segir: Félagsvísindasvið 9.6 millj. kr., Hugvísindasvið 9 millj. kr. og Verkfræði- og náttúruvísindasvið 14 millj. kr. Frá Heilbrigðisvísindasviði kom fjármagn til ritakaupa frá sálfræði- og tannlæknadeild, samtals 3.2 millj. kr. Heildarupphæðin er tæpar 36 millj. kr. og er ráðstafað í tímarit, bækur og önnur gögn á fræðasviðum Háskóla Íslands í náinni samvinnu við háskólakennara og/eða bókasafnsfulltrúa. Um 8.4 millj. krónum var varið í bækur, rúmum 12.5 í tímarit og tæpum 19.2 í rafræn gagnasöfn. Þetta er nokkru herra en fjárveiting ársins en skólinn átti nokkra inneign í ritakaupafé.

Auk þess greiddi Háskóli Íslands miðlægt um 37.4 millj. kr. vegna Landsaðgangs að stafrænum tímaritum og gagnasöfnum. Einnig greiddi Háskólinn 7.1 millj. fyrir séráskriftir að öðrum gagnasöfnum svo sem JSTOR og CSA.

Lbs-Hbs varði tæpum 7.3 millj. króna í bækur, um 7.6 millj. í tímarit auk 7,7 millj. kr. í Landsaðgang og annan rafrænan aðgang. Alls voru keypt 2900 gögn á árinu. Þar af 445 fyrir Íslandssafn.

Gjafir

Safninu bárust margar góðar gjafir á árinu, bæði frá einstaklingum og stofnunum. Líkt og síðustu ár fékk safnið nýjar þýskar og svissneskar skáldsögur frá Goethe Institute og svissnesku menningarstofnuninni Pro Helvetia og japanskar skáldsögur í enskri þýðingu frá Japan Literature Publishing and Promotion Center (JLPP). Norska sendiráðið færði safninu veglega bókagjöf og einnig bárust bækur frá Sendiráði Mexíkó og Filippseyja. Meðal annarra gjafa má nefna rit Sören Kierkegaards sem bárust

frá Hong Kierkegaard bókasafninu við St. Olafs College í Minnesota. Þá fær safnið einnig reglulega bókagjafir frá Bóksölu stúdenta, starfsmönnum og deildum Háskóla Íslands og öðrum íslenskum aðilum. Meðal einstaklinga sem gáfu bækur á árinu má nefna, Jón Viðar Jónsson, Önnu Katrínu Árnadóttur, Alyson Bailes, Alfred Eyjólfsson, Þóru Másdóttur og erfingja Péturs J. Thorsteinssonar. Alls voru skráð 3.224 rit úr gjöfum.

ÍSLENSK SKRÁNING OG BÓKFRÆÐISTJÓRN

Í íslenskri skráningu og bókfræðistjórn er skráð, flokkað og lyklað í Gegni efni sem berst í skylduskilum, á áþreifanlegu formi eða rafrænt, þ.e. bækur og bæklingar, hljóðrit, myndefni, tölvugögn, tímarit og hljóðbækur. Ennfremur eru skráðar greinar úr tímaritum og bókum og efni gefið út erlendis sem varðar Ísland eða er eftir Íslendinga (Islandica extranea) og rit og greinar sem berast frá vinnumatsjóði háskólakennara. Skrá um íslenska útgáfu er dregin út úr Gegni og birt á vefnum, *utgafuskra.is*. Skráin er uppfærð vikulega og starfsmenn íslenskrar skráningar fara yfir gögnin.

Bókfræðileg stjórn Gegnis fer að öllu jöfnu fram í svokölluðum nafnmyndagranni. Sú vinna er nær öll á hendi starfsmanna íslenskrar skráningar. Í nafnmyndaskránni birtast tilvísanir bæði mannanafna, landfræðiheita, stofnananafna og almennra efnisorða. Þar eru alnafnar aðgreindir og gerðar samræmdar nafnmyndir fyrir sígild verk eins og Biblíuna og fornrit, svo dæmi sé nefnt.

Umsjón og utnumhald um greiniskráningu tímarita í Gegni er eitt af verkefnum fagsviðsins, en mörg aðildarsöfn Gegnis taka að sér greiniskráningu á sínu fag- eða áhugasviði. Á árinu var unnið markvisst að því að tengja stafræn eintök í Skemmu, Rafhlöðu og öðrum gagnasöfnum við bókfræðifærslur í Gegni. Það auðveldar notendum aðgengi að efni þar sem hægt er að smella á slóð beint úr bókfræðifærslunni. Einnig var unnið að ýmsum öðrum sérverkefnum til að auka á gæði og samræmi í skráningarfærslum og bæta þar með leitarheimtur. Dæmi um slíkt eru sameiningar á tvöföldum bókfræðifærslum og átaksverkefni um að ná samræmi í skráningu ritraða. Starfsmaður íslenskrar skráningar hefur umsjón með gæðaeftirliti á rafrænum tenglum í Gegni. Öll vinna við viðhald rafrænna tengla í bókfræðigranni fer fram á safninu og þaðan fá önnur aðildarsöfn Gegnis upplýsingar um forðafærslur sem þau þurfa að fara yfir. Á árinu var í samvinnu við upplýsingatæknihóp og Landskerfi bókasafna unnið að því að tengja Gegni og Rafhlöðu svo flytja mætti lýsigögn á vélvirkan hátt milli gagnasafnanna og einfalda bæði rafræn skil og skráningu á rafrænni útgáfu.

Annað verkefni fagsviðsins var handbók fyrir verk-
lag og vinnuferla fyrir aðfanga- og skráningarsvið
og mun starfsmaður íslenskrar skráningar halda
utan um handbókina og ritstýra henni. Ráðist var í
endurskipulagningu á handbókasafni starfsmanna á
skráningargangi. Farið var yfir allan handbókakost-
inn, hann grisjaður, kjalmerktur og eintakstengdur í
Gegni. Tveir starfsmenn íslenskrar skráningar tóku
þátt í fjögurra vikna netnámskeiði á vegum
American Library Association (ALA) í notkun Vef-
Dewey flokkunarkerfisins. Þrír starfsmenn sóttu
námskeið í verkefnastjórnun og einn í gerð og
skipulagi handbóka. Faghópurinn á fulltrúa í skrá-
ningarráði og gæðahópi Gegnis.

ERLEND SKRÁNING OG BÓK- FRÆÐISTJÓRN

Meginverkefni faghópsins er flokkun, lyklun og
skráning á erlendu efni sem keypt er fyrir deildir HÍ
og safnið; ennfremur efni sem berst í bókgjöfum
og í ritaskiptum. Einnig sér faghópurinn að hluta til
um flokkun og lyklun á erlendum ritauka Íslands-
safns og skráir kafla úr erlendum bókum sem inni-
halda efni er varðar Ísland eða er eftir Íslendinga.
Þá sér hópurinn um skráningu og lyklun á
meistaraprófsritgerðum frá HÍ í Gegni, en þær eru
aðgengilegar á 3. hæð safnsins. BA og BS ritgerðir
eru skráðar í Skemmuna, en starfsmenn erlendar
skráningar gefa þeim efnisorð. Á árinu var áfram
unnið að ýmsum lagfæringum og leiðréttingum í
Gegni. Einnig fór fram nafnmyndavinna vegna
lokaritgerða. Umsjón með samlagsáskrift að Vef-
Dewey er í höndum fagstjóra erlendar skráningar
sem úthlutar aðgangsorðum til aðildarsafna.

Áfram var unnið að flokkun og skráningu efnis frá
Tungumálamiðstöð HÍ. Um er að ræða bækur og
kvikmyndir og í þetta sinn voru tekin fyrir ný að-
föng og efni sem orðið hafði útundan. Nokkuð var
skráð úr stórum bókgjöfum sem borist hafa safn-
inu. Þar má nefna bækur Arnórs Hannibalssonar og
Jóhannesar Ágústssonar. Einnig kom nokkuð af
stærðfræðibókum sem fara í safndeild í Tækni-
garði. Þær bækur eru bæði flokkaðar skv. Dewey
flokkunarkerfinu og MSC (Mathematics Subject
Classification). Nokkuð var endurflokkað á árinu
skv. 23. útg. Deweys. Má þar m.a. nefna flokka eins
og þýðingafraeði og nokkra flokka innan sagnfræð-
innar.

Í febrúar tóku tveir starfsmenn faghópsins þátt í
fjögurra vikna netnámskeiði á vegum American
Library Association (ALA) í notkun Vef-Dewey
flokkunarkerfisins.

GÆÐASTJÓRN GEGNIS

Gæðastjórn Gegnis er unnin í nánú samstarfi við
Landskerfi bókasafna sem rekur *gegnir.is* og
leitir.is. Safnið á tvo fulltrúa í skráningarráði, þær
Sigrúnu J. Marelsdóttur og Hildi Gunnlaugsdóttur
og Ragna Steinarsdóttir er fulltrúi safnsins í efnis-
orðaráði og er jafnframt ritstjóri efnisorða. Bæði
þessi ráð starfa á vegum Landskerfis bókasafna.
Safnið á einnig þrjá fulltrúa í gæðahópi Gegnis en
sá hópur gegnir lykilhlutverki við þróun og þegar
kemur að prófunum á nýjum uppfærslum og út-
gáfum kerfisins, þ.m.t. *leitir.is*. Safnið sér um og
uppfærir *Handbók skrásetjara* sem er vinnutæki
allra skrásetjara landsins og er gerð aðgengileg á
vefnum *hask.landsbokasafn.is*. Gæðastjóri Gegnis
er ritstjóri handbókarinnar, en í ritstjórn sitja tveir
starfsmenn íslenskrar og erlendar skráningar.
Gæðastjóri Gegnis og fagstjóri íslenskrar skráningar
sjá um að svara pósti sem berst á netfangið
gegnir@landsbokasafn.is. Um er að ræða ábend-
ingar um lagfæringar eða villur sem þarf að leið-
rétta. Að meðaltali bárust 60 erindi á mánuði árið
2013. Kennsla nýrra skrásetjara er á höndum
gæðastjóra, en skráningarleyfi í Gegni er bundið við
að viðkomandi hafi sótt þriggja daga námskeið sem
haldið er á vegum Landskerfis bókasafna einu sinni
til tvisvar á ári. Starfsmenn íslenskrar og erlendar
skráningar aðstoða við kennsluna. Fræðslufundur
fyrir skrásetjara eru að jafnaði tvisvar á ári og eiga
starfsmenn skráningar og gæðastjóri Gegnis jafnan
drjúgan þátt í mótun dagskrár og flutningi. Á árinu
var unnið að því að eyða fortengdum strikamiðum
frá því safnkostur Landsbókasafns við Hverfisgötu
var tengdur gamla Gegni. Ætla má að 2500-3000
eintökum og um það bil 2000 bókfræðifærslum
hafi verið eytt, en þetta voru eintök fyrir efni sem
búið var að afskrifa eða tengja við aðrar færslur.
Eitthvað af þessu efni er til, en færslurnar að baki
fortengdu strikamiðunum eru svo rýrar að ekki
svarar kostnaði að halda uppá þær. Hyggilegra er
að veiða góðar færslur þegar tækifæri gefst til að
skrá þessar bækur, sem margar hverjar flokkast
undir fágæti. Ennþá er eftir að vinna úr 1020 ein-
tökum sem ekki eru finnanleg.



Starfsmenn í stefnumótunarvinnu 29. janúar 2013.

VARÐVEISLA OG STAFRÆN ENDURGERÐ

Sviðið ber ábyrgð á varðveislu íslensks efnis, þ.e. handritum og einkaskjölum, sérsöfnum og útgefnu íslensku efni skv. lögum um skylduskil nema kvikmyndum, útvarps- og sjónvarpsefni. Sviðið hefur umsjón með forvörslu, bókbandi, umbúnaði, stafrænni endurgerð, útlánum á lestrarsal, ásamt annarri þjónustu við þá gesti sem nota safnkostinn. Í lok ársins var fjöldi starfsfólks 19 en ársverk voru 18. Sviðsstjóri er Örn Hrafnkelsson.

FORVARSLA OG BÓKBANDS-STOFA

Á viðgerðarstofu er unnið að forvörslu og viðgerðum á handritum og prentuðum ritum. Forvörður er einnig til ráðuneytis um og ber ábyrgð á viðhaldi, varðveislu og umbúnaði ritakosts í safni. Dregið hefur verulega úr bókbandi á nýjum ritum en vægi viðgerða og endurbands gamalla bóka úr eigu safnsins hefur aukist til muna. Jafnframt hafa starfsmenn á bókbandsstofu komið að sérverkefnum s.s. frágangi og þökkun á stórum veggspjöldum í vörslu safnsins. Bókbandsverk á árinu voru alls 44.066 (43.275) einingar. Áfram var áfram unnið að könnun og skráningu á ástandi handrita með safnmarkinu Lbs.

MYNDASTOFA

Í myndastofu er unnið að stafrænni endurgerð blaða, tímarita, bóka, handrita og annars efnis, myndatöku að beiðni notenda safnsins, vegna sýninga og ýmissa atburða. Tímarit voru meginhluti íslenska efnisins sem myndað var á árinu. Myndaðar voru 267.466 (221.404) bls. í mynda-

stofu safnsins. Myndað efni skiptist í meginatriðum svo: handrit 15.974 (21.097) bls., blöð og tímarit 163.275 (316.188) bls., gömul Íslandskort 190 (939) og bækur 84.535 (54.670) bls. Þá var jafnframt myndað efni til birtingar á vef utan safnsins, 3.492 bls.

HANDRITASAFN

Meginhlutverk handritasafns er að annast söfnun, varðveislu, skráningu og rannsóknir íslenskra handrita og skjala sem ekki heyra undir lögbundin skylduskil til Þjóðskjalasafns Íslands eða héraðsskjalasafna. Það er langstærsta safn íslenskra pappírshandrita frá síðari öldum (16. - 20. aldar) eða 14.328 handrit sem hafa verið fullskráð og fengið safnmark og um 2.000 einingar sem bíða fullnaðarskráningar. Í vörslu handritasafns eru fimm skinnhandrit og rúmlega 100 skinnblöð frá fyrri öldum. Séð er til þess að sem tryggilegast sé búið um safnkostinn og með aukinni skráningu og með því að færa handrit á aðra miðla eftir þörfum er greitt fyrir notkun. Jafnframt annast starfsfólk kynningu á handritum og þjónustu við safngesti og heldur úti síðu á Facebook til að kynna starfseminu.

Þá er sífellt unnið að myndun handrita og þau gerð aðgengileg á vefnum *handrit.is*.

Aðföng

Aðföng voru í meðallagi og dreifðust jafnt yfir árið, en 87 sinnum voru handrita- og skjalasöfn afhent safninu til eignar og varðveislu. Sem dæmi má nefna endurminningar Gísla Sveinssonar forseta Alþingis, dagbók Guðmundar Eyjólfssonar (1801–1878), Biblíu úr fórum Elku Björnsdóttur og með athugasemdum hennar, gögn Finns Sigmundssonar landsbókavarðar, gögn Arnórs Hannibalssonar prófessors, dagbækur Gunnars M. Magnúss rit höfundar, gögn Ólafs Jónssonar ritstjóra Skírnis, gögn Finns Jónssonar á Kjörseyri, ljósrít af skjölum úr skjalasöfnum Komintern, handrit að Þiðreks sögu, teikningar Tryggva Magnússonar, gögn Guðmundar Bárðarsonar. Margir sem höfðu áður komið með gögn bættu við þau. Þá má nefna að tvær afhendingar tengdust verkefninu Danskt-íslenskt gagnasafn (DAN-ÍS) en um er að ræða samstarfsverkefni Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Sagnfræðistofnunar HÍ og Lbs-Hbs um söfnun og varðveislu gagna um Dani á Íslandi. Um er að ræða gögn sem Gerður Jóhannsdóttir og Guðbjörg Tómasdóttir afhentu.

Samskrá um handrit – handrit.is

Haldið var áfram rafrænni skráningu á *handrit.is*, sem er samskrá og rafrænt gagnasafn íslenskra handrita sem varðveitt eru í handritasafni, Stofnun Árna Magnússonar og Árnasafni í Kaupmannahöfn. Í árslok 2013 höfðu 4.245 (3.478) handrit í vörslu Landsbókasafns verið frumskráð, fjöldi handrita sem voru mynduð er 1.153 (1.093) og fjöldi mynda 329.579 (313.065).

Samskrá um bréfasöfn – einkaskjöl.is

Hafin var rafræn skráning einkaskjalasafna í forritið AtoM (Access to Memory) sem Alþjóða skjalaráðið stendur að. Kvennasögusafn og Miðstöð munnlegrar sögu unnu einnig að skráningu á sínum gögnum í þennan grunn sem verður gerður aðgengilegur fyrir almenning árið 2014 á vefslóðinni *einkaskjöl.is*.

Skráning aðfanga

Gert var átak í skráningu aðfanga og í árslok var gefin út rafræn handritaskrá sem hefur að geyma lýsingar á 725 handritum sem höfðu borist safninu á árunum 1964–2013. Haldið verður áfram með þetta verkefni á árinu 2014. Skráð var inn á *handrit.is* og jafnframt var gefin út PDF skrá á vef safnsins.

Fræðsla

Ýmsir nemendur við Háskóla Íslands og aðra skóla fengu kynningu á sögu og hlutverki handritasafns á árinu. Um var að ræða nemendur í íslensku, sagnfræði, þjóðfræði, skjalfraeðum, einnig nemendur við Listaháskóla Íslands. Þá fengu namar við sumar-skólann í handritafræðum kynningu á handritasafni.

Á árinu störfuðu nokkrir erlendir sjálfbóðaliðar á handritasafni. Þá var einn starfsmaður á vegum Vinnumálastofnunar í sex mánuði við skráningu og flokkun einkaskjalasafna. Samfélagsmiðlar voru notaðir til að kynna áhugavert efni úr fórum handritasafns. Facebook síða handritasafns birti þannig ljósmyndir og kynningar á ýmsum gögnum og handritum og var síðan með 920 aðdáendur í árslok 2013. Eins voru ný aðföng sýnd í sýningarkassa á 1. hæð. Þá var haldin stór sýningum á gögnum utangarðsfólks úr fórum handritasafns sem opnaði um vorið og lítil sýning um Steingrím Thorsteinsson í desember.

ÍSLANDSSAFN

Meginhlutverk Íslandssafns er að þaulsafna gögnum útgefnum á Íslandi í prentuðu formi eða á öðrum miðlum, búa í hendur notendum og varðveita handa komandi kynslóðum, svo og að afla hliðstæðra gagna sem gefin eru út erlendis og varða Ísland og Íslendinga. Afgreiðsla Íslandssafns er á 1. hæð safnsins. Þar eru veittar upplýsingar og prentuð rit sótt fyrir notendur til afnota á lestrar-sal. Meðal fastra verkefna hvers árs á Íslandssafni er að fara yfir safnkostinn og eldri ritum sem safninu hefur áskotnast bætt við. Einnig þarf að flokka og ganga frá smælki t.d. bæklingum og auglýsingum sem sífellt bætast við. Á árinu var lokið við flokkun og frágang á smælki ársins 2010 og flokkun á smælki ársins 2011 var langt komin í árslok. Samkvæmt Gegni bættust um það bil 4.000 strikamerkjæiningar við safnkost Íslandssafns. Þar af voru um 1.800 strikamerkjæiningar skráðar í safndeildina Almenn rit.

Unnið var að því að koma fleiri eldri íslenskum tímaritum og dagblöðum inn á vefinn *timarit.is*. Stefnt er að því að flest tímarit og dagblöð sem ekki eru lengur í útgáfu verði birt á vefnum. Jafnframt hefur verið mörkuð sú stefna að mynda ritrýnd íslensk tímarit og er í því samhengi leitað samninga við útgefendur ritanna. Gerðir voru nokkrir samningar um stafræna endurgerð við útgefendur tímarita sem enn eru gefin út en útgefendur greiða fyrir myndun ritanna.

Þá var unnið að skráningu leikhandrita sem varðveitt eru í Íslandssafni í Gegni. Leikhandritin voru

flest frá Þjóðleikhúsinu og Ríkisútvarpinu. Í árslok voru 1.037 færslur í safndeildinni Leikhandrit og eintök leikhandrita voru 1.238 talsins. Einnig hófst vinna við skráningu leikhandrita úr safni Lárusar Sigurbjörnssonar. Gestir á lestrarsal Íslandssafns og handritasafns voru 4.190 samkvæmt skráningu í gestabók en gestir lestrarsals árið 2012 voru 5.353 talsins.

Varaeintakasafn í Reykholti

Varaeintakasafn er varðveitt í Reykholti og þar eru hýst varaeintök hvers árs af bókum, tímaritum, dagblöðum og smáprenti. Annað, s.s. tón-, mynd- og tölvuefni er ekki varðveitt þar. Í varaeintakasafni er einn starfsmaður í hálfu starfi við að ganga frá því efni, sem berst úr aðalsafni einu sinni á ári, venjulega í mars-apríl. Auk þess liggur þar töluverður forði af tímaritum og skýrslum frá því fyrir 2005, sem ekki hefur verið eintakstengdur. Þegar gengið hefur verið frá sendingu hvers árs, er unnið við að eintakstengja og raða tímaritunum. Frá síðasta hausti hafa tveir starfsmenn Íslandssafns farið mánaðarlega í varaeintakasafnið og unnið við að taka tímarit úr kössum og gera þau aðgengileg til eintaksmerkingar. Einnig að koma fyrir eldra ófrágengnu efni sem safnast hafði upp. Enn er töluvert af slíku efni ófrágengið í innsta herbergi á jarðhæð. Árið 2013 bættust um það bil 3.500 strikamerkjaeiningar við varaeintakasafnið samkvæmt upplýsingum úr Gegni.

Ritakaup og gjafir

Íslandssafni ber að hafa uppi á efni sem gefið er út erlendis og varðar Ísland og Íslendinga og afla þess. Á það bæði við um prent og annað útgefið efni. Oftast þarf að kaupa þessi verk og þau eru talin með öðrum ritakaupum. Reynt hefur og verið að fylla í eyður og nú sem endranær var unnið úr gjöfum sem borist hafa.

SÉRSÖFN

Hlutverk einingarinnar er að halda utan um ýmis sérsöfn sem tilheyra safninu og veita aðgang að þeim. Helsta verkefni ársins var frágangur og skráning fornra íslenskra bóka til myndunar fyrir *bækur.is*. Tveir erlendir sjálfboðaliðar, frá Póllandi og Þýskalandi, unnu við skráningu og frágang. Í árslok 2013 voru 883 (550) titlar aðgengilegir í 1.021 (649) bindum, samtals 289.606 (203.035) bls. Í byrjun árs lauk formlega endurnýjun vefsins *islandskort.is* og má nú finna á honum meginhluta útgefinna Íslandskorta til ársins 1950 (samtals um 1.000 kort). Íslenskri bókaskrá til 1844 var varpað yfir í XML snið og hófst vinna við að fullgera þá útgáfu. Bókasafn Gunnars Gunnarssonar var flutt

úr sérsöfnum til Skriðuklausturs á Austurlandi. Úthlutað var í fjórða sinn úr Rannsóknarsjóði Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar. Umsóknir voru átta og hlutu tvær þeirra styrk.

TÓN- OG MYNDSAFN

Meginhlutverk tón- og myndsafns er að þaulsafna, varðveita og veita upplýsingar um og aðgang að hljóðritum og myndefni sem gefið er út á Íslandi og safna eftir megni hljóðritum og myndefni sem Íslendingar eiga aðild að og gefið er út erlendis. Hluti safnkostsins, s.s. erlendar kvikmyndir og tölvugögn, er ætlaður háskólanemum. Í tón- og myndsafni er aðstaða til að hlusta á hljóðrit og skoða myndefni og einnig er töluvert úrval af nótnaheftum til útláns auk raddskráa og handbóka til notkunar á staðnum. Efni sem berst í safnið er skráð jafnóðum í Gegni. Á árinu 2013 unnu fjórir sjálfboðaliðar, frá Frakklandi, Póllandi, Bandaríkjunum og Tyrklandi, við stafræna afritun á geisladiskum fyrir væntanlegt *Hljóðsafn*. Í samvinnu við Tónlistarsafn Íslands voru auk þess yfirfærðar á stafrænt form yfir tvöhundruð 78 snúníngar hljómplötur. Einnig var afrituð tónlist sem eingöngu er gefin út á netinu, í því skyni að varðveita hana til framtíðar. Stefnt er að því að þau hljóðrit sem þegar hafa verið afrituð verði aðgengileg í *Hljóðsafni* í tölvum safnsins árið 2014. Tón- og myndsafn er með síðu á samskiptavefnum Facebook í þeim tilgangi að kynna safnið og hafa samband við tónlistarfólk og auðvelda þannig innheimtu hljóðrita.

KVENNASÖGUSAFN

Hlutverk Kvennasögusafns er að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Safnið miðlar einnig þekkingu um sögu kvenna, aðstoðar við heimildaleit og hvetur til rannsókna á sviði kvennasögu. Safnið hýsir stór skjalasöfn íslenskra kvenfélaga, þar á meðal skjöl Kvenréttindafélags Íslands, Kvenfélagasambands Íslands, Kvennaframboðsins og Kvennalistans. Í Kvennasögusafni má einnig finna minni skjalasöfn einstaklinga og ýmis skjöl önnur sem á einhvern hátt tengjast íslenskum konum og þeirra sögu.

Aðföng Kvennasögusafns eru skráð í aðfangaskrá og á vef Kvennasögusafns má finna upplýsingar um gögn kvenfélaga sem kosið hafa að geyma skjöl sín hjá safninu. Safninu bárust 18 nýjar einingar á árinu. Þar má nefna gögn frá Kvenfélaginu Keðjunni, Femínistafélagi Íslands og Kvennakór Reykjavíkur. Á árinu var vinna hafin við rafræna skráningu þeirra skjalasafna sem í safninu eru í kerfið AtoM.

Á skrifstofu safnsins á 4. hæð eru veittar upplýsingar og þar og á Íslandssafni eru skjöl sótt í kjallara fyrir notendur til afnota á lessal Íslandssafns. Gestir á skrifstofu safnsins voru 155 talsins samkvæmt gestabók, þar af 27 karlmenn. Skráð voru 18 símtöl við karlmenn og 75 við konur, 31 tölvusamskipti við karlmenn og 119 við konur. Kvennasögusafn er með sérstaka vefsíðu, *kvennasogusafn.is*, og síðu á samfélagsvefnum Facebook.

Auður Styrkársdóttir hélt tvö opinber erindi á árinu: Um Sigríði Einarsdóttur Magnússon (frá Brekkubæ) á málþingi sem haldið var í tilefni opunar sýningar um Eirík Magnússon og Sigríði í Þjóðarbókhöfðu 20. apríl og um Kristínu Dahlstedt á Dýrafjarðardögum 6. júlí. Í september var Auður kjörin formaður nefndar um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna sem er falið af hálfu forsætisnefndar Alþingis að gera tillögur að viðburðum á afmælisárinu 2015 og stýra þeim. Haldin var kvöldvaka með Kvenréttindafélagi Íslands 12. desember á Hallveigarstöðum.

Kvennasögusafn Íslands var stofnað 1. janúar 1975 en varð hluti af Lbs-Hbs árið 1996 og flutti þá í Þjóðarbókhöfðu. Í stjórnarnefnd Kvennasögusafns sitja Ragnheiður Kristjánsdóttir frá Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum, Helga Guðmundsdóttir frá Kvenfélagasambandi Íslands og Edda G. Björgvinsdóttir sem er fulltrúi Lbs-Hbs

MIÐSTÖÐ MUNNLEGRAR SÖGU

Meginhlutverk Miðstöðvarinnar er að safna munnlegum heimildum um sögu lands og þjóðar, varðveita þær og skrá og gera safnkostinn aðgengilegan. Miðstöðinni er ætlað að efla munnlega sögu sem aðferð í sagnfræði og standa fyrir fræðilegri umræðu um munnlega sögu. Einn starfsmaður var í fullu starfi við Miðstöðina fram til 1. júní en þá lét Arnþór Gunnarsson af störfum og var Halldóra Kristinsdóttir ráðin í hálfstarf.

Sumarstarfsmaður var ráðinn í tvo mánuði í tengslum við atvinnuskapandi áttak Vinnumála-

stofnunar til að skrá gögn Miðstöðvarinnar inn á vefinn *einkaskjol.is*. 23 nýjar afhendingar bárust Miðstöðinni á árinu. Má þar nefna viðtöl sem Herdís Helgadóttir mannfræðingur safnaði í tengslum við bók sína *Úr fjötrum*, viðtöl sem tekin voru á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur við Dani á Íslandi og viðtöl við fyrrverandi starfsmenn Bæjarútgerðar Reykjavíkur. Í Miðstöðinni eru nú um 110 söfn. Unnið hefur verið að skráningu þeirra á árinu í því skyni að gera gögnin aðgengilegri. Lýsingar á söfnum eru skráðar inn á vefinn *einkaskjol.is* en einnig er unnið að því að skrá hljóðskrár og gera þær aðgengilegar. Miðstöðin á sex hljóðupptökutæki og eitt myndbandsupptökutæki sem hún lánar út endurgjaldslaust.

Nemendur í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Ísland fengu kynningu á Miðstöðinni og aðferðum munnlegrar sögu í janúar. Nemendahópar í sagnfræði og listfræði við Háskóla Íslands fengu kynningu á Miðstöðinni á haustmánuðum. Þá var Facebook-síða Miðstöðvarinnar stofnuð, en Miðstöðin heldur einnig úti vefsíðu, *munlegsaga.is*. Miðstöðin átti í samstarfi við meistaranema í sagnfræði við gerð útvarpsþátta sem fluttir voru á Rás 1 í haust. Þáttaröðin nefndist *Sagan í munnlegri geymd* og voru þættirnir átta talsins. Allir fjölluðu þeir um mannlíf og atburði á 20. öld og voru unnir upp úr efni sem varðveitt er í Miðstöðinni.

Miðstöð munnlegrar sögu, sem tók til starfa 2007, sameinaðist Lbs-Hbs 2012 og er sérstök eining á sviði varðveislu og stafrænnar endurgerðar. Fagráð Miðstöðvarinnar tekur þátt í stefnumótun hennar og veitir ráðgjöf um verkefnaval, fagleg málefni og er ætlað að afla sértekna til einstakra verkefna. Í fagráði sitja Guðmundur Jónsson prófessor við HÍ, Þorsteinn Helgason dósent við HÍ, Sólveig Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Reykjavíkur-Akademíunnar, Júlíana Þóra Magnúsdóttir þjóðfræðingur og Örn Hrafnkelsson frá Lbs-Hbs.



Starfsmenn í stefnumótunarvinnu 29. janúar 2013.

MIÐLUN OG RAFRÆNN AÐGANGUR

Sviðið ber ábyrgð á upplýsingaþjónustu og handbókasafni á 2. hæð, annast fræðslu um safnkostinn og kappkostar að notendur hafi sem bestan aðgang að prentuðum og rafrænum upplýsingum. Aðrir verkþættir eru tímaritahald, umsjón með ISBN, ISSN og ISMN númerakerfunum, millisafnalán, Landsaðgangur að rafrænum gögnum, sýningar og kynningarmál. Í lok ársins var fjöldi starfsfólks 10 en ársverk voru 9,75. Sviðsstjóri er Halldóra Þorsteinsdóttir.

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA OG NOTENDAFRÆÐSLA

Dagleg umsvif upplýsingaþjónustunnar, einstaklingsbundin leiðsögn um notkun rafrænna gagna, bæði í síma og á staðnum, voru svipuð og undanfarin ár. Af þeim 1845 fyrirspurnum sem bárust upplýsingaþjónustu voru 850 teknar til nánari úrvinnslu en 995 var beint annað. Talsverð aukning var á símafyrirspurnum og beiðnum um heimildaleit, þjónusta sem veitt er gegn greiðslu, hefur fjölgað s.l. tvö ár.

Notendafræðsla

Í upphafi vor- og haustmíssis voru kennarar Háskóla Íslands hvattir til að panta safnkynningar fyrir nemendur sína og hefur hefð myndast fyrir slíkum kynningum í mörgum deildum. Að þessu sinni var áhersla lögð á að mæta á kynningarfundum fyrir nýnema ýmist með stutt innlegg um safnið og/eða dreifa bæklingum. Safnfræðslan var að öðru leyti

með líku sniði og undanfarin ár, þ.e. frumkynningar fyrir nýnema einstakra deilda og framhaldskynningar fyrir þá sem lengra eru komnir. Í frumkynningum er þjónusta og aðstaða í safninu kynnt ásamt vef safnsins og *leitir.is*. Í framhaldskynningum er farið nánar í helstu skref heimildaleitar, einstök gagnasöfn kynnt ásamt leitartækni. Samtals voru haldnar 66 kynningar og skoðunarferðir um safnið og sóttu þær 1873 manns.

Bæklingar

Til stuðnings notendafræðslunni voru 22 bæklingar á vegum miðlunarsviðs uppfærðir, nokkrir endurprentaðir án breytinga og einn nýr gefinn út. Bæklingum safnsins er dreift í safnkynningum og við önnur tækifæri. Auk þess liggja þeir frammi í safninu þar sem við á. Í tengslum við sýningar á vegum safnsins voru gefnir út ellefu bæklingar og sýningarskrár.

Aðgangur að stafrænum gögnum

Aðgangur að stafrænum gögnum, tímaritum, bókum og gagnasöfnum er ýmist opin á landsvísu eða bundinn við tölvur á háskólanetinu, þ.e. í séráskrift safnsins og Háskóla Íslands. Lagadeild HÍ hóf áskrift að gagnasöfnunum *Westlaw UK* og *Westlaw International* og prufuaðgangur var í marsmánuði að *Orlando: Women's writing* án þess að áskrift væri tekin.

Fyrir utan stafrænt efni sem er í Landsaðgangi var í árslok 2013 sameiginlegur aðgangur með einstökum deildum HÍ að eftirfarandi gagnasöfnum: *ACM Digital Library*, *AnthroSource*, *Communication & Mass Media Complete*, *Emerald Insight*, *Encyclopedia of Geology*, *Encyclopedia of Perception*, *HeinOnline*, *Idunn.no*, *IEEEExplore*, *JSTOR*, *LISA*, *MathSciNet*, *MLA*, *MyLibrary*, *Oxford Dictionary of the Middle Ages*, *Palgrave Dictionary of Economics*, *Philosopher's Index*, *PROLA*, *UN Treaty Collection*, *UNSTATS Common Database*, *Web Dewey*, *Westlaw UK*, *Westlaw International* og *Women and Social Movements International*.

Í félagi við aðra var aðgangur að: *ASCE*, *Compendex*, *OECDiLibrary*, *PsycArticles*, *PsycBooks* og *PsycInfo* í *OVID*, þar af voru *ASCE*, *Compendex* og *PsycBooks* aðgengileg á landsvísu.

Millisafnalán

Heildarfjöldi beiðna árið 2013 var 3447 (3791), af þeim voru afgreiddar 2982 (3329) eða 87%. Heildarfjöldi beiðna hefur dregist saman um 9 % frá árinu 2012.

Úr safnkosti *Lbs-Hbs* voru samtals afgreidd 908 (981) gögn á árinu sem er 8% minna en árið 2012. Alls voru afgreiddar 517 (541) greinar eða 5% minna en árið 2012. Afgreiddar greinar til annarra safna voru 252 þar af 233 til íslenskra safna. 265 (229) greinar í greinaþjónustu voru afgreiddar til starfsmanna HÍ, fyrirtækja og almennra lánþega, en það er 14 % aukning milli ára. Afgreiddar bækur úr ritakosti *Lbs-Hbs* til annarra safna voru 391 (440), þar af fóru 342 til innlendra safna. Bókalán til íslenskra safna hafa minnkað um 14% frá síðasta ári og má kannski að einhverju leyti útskýra það með því að æ fleiri söfn eru nú orðin virk í millisafnalánum á Íslandi og því er hægt að leita til fleiri safna innanlands en áður.

Til *Lbs-Hbs* bárust alls 2074 (2348) gögn á árinu frá öðrum söfnum. Greinar sem bárust voru 917 (1170), sem er 22 % minna en árið 2012. Þetta er talsverður samdráttur í millisafnalánum á greinum. Helstu birgjar varðandi greinar eru Subito (46%) og finnsk söfn (19%). Bækur sem bárust frá öðrum söfnum voru alls 1157 (1178). Millisafnalán á bókum hafa því nánast staðið í stað frá árinu 2012

(aðeins 1 % minna). Frá Íslandi komu 259 bækur og 346 frá Danmörku, 22 % bókalána koma frá Íslandi og 64% frá Norðurlöndunum eða samtals 86%. Aðeins í 14 % tilvika þarf að leita út fyrir Norðurlöndin til þess að útvega bækur, en það er þó gert ef þörf krefur og þess má geta að útvegaðar voru nokkrar bækur frá Georgíu á árinu.

Sigurgeir Finnsson var ráðgjafi á námskeiði um millisafnalán í Landskerfi bókasafna í nóvember.

TÍMARIT OG STAÐALNÚMER

Tímaritahald sér um innkaup og umsýslu tímarita safnsins og HÍ. Ákvörðun um hvaða efni er keypt fyrir HÍ er að mestu hjá kennurum og miðast við það fé sem einstakar deildir ákveða til ritakaupa. Á árinu 2013 voru 289 tímaritaáskriftir greiddar af HÍ og 309 af ritakaupafé, samtals 598 titlar. Áskriftum fjölgaði um 16 titla frá fyrra ári. Að auki koma enn mörg tímarit að gjöf eða í ritaskiptum en þeim fækkar stöðugt.

Finna tímarit

Ný skrá um rafræn tímarit, *Finna tímarit* frá ExLibris, var tekin í notkun í ársbyrjun til samræmis við önnur háskólasöfn í landinu. Hún leysti af hólmi *Tímaritaskrá A-Ö* frá TDnet sem tekin var í notkun árið 2004. Í nýju skránni eru tenglar við rafræn tímarit bæði þau sem eru í landsaðgangi og í séráskrift safnsins, auk fjölda tímarita sem eru í opnum aðgangi. Samtals um 30 þúsund titlar.

Alþjóðlegt bóknúmer ISBN

Heildarskrá yfir íslenska útgefendur sem send var til alþjóðaskrifstofunnar í maí inniheldur 3.827 færslur að meðtöldum upplýsingum um einstaklinga sem fá stök ISBN númer. 56 númeraröðum var úthlutað á árinu og 228 stökum númerum.

Alþjóðlegt tímaritsnúmer ISSN

Úthlutað var 46 ISSN númerum fyrir ný tímarit á tímabilinu. Alls var úthlutað 792 ISSN númerum, þ.m.t. eru gömul tímarit í stafrænni endurgerð á *timarit.is*. Verkefnið var unnið í samvinnu við alþjóðaskrifstofuna í París og snerist um að úthluta ISSN númerum fyrir prentaða og stafræna endurgerð þeirra tímarita sem eru á *timarit.is*. Heildarfjöldi færslna fyrir íslensk tímarit í ISSN skránni um áramót var 2641 færslur.

Alþjóðlega nótunúmerið ISMN

Alþjóðlega nótunúmerakerfið ISMN var innleitt í janúar 2013. Úthlutað var 6 númeraröðum og 4 stökum ISMN númerum á árinu.

LANDSAÐGANGUR

Landsaðgangur að gagnasöfnum og stafrænum tímaritum er upplýsingaveita fyrir Ísland og veitir öllum sem tengjast Internetinu hjá íslenskri netveitu og eru staddir á landinu, aðgang að þeim gagnasöfnum og stafrænu tímaritum sem samningar um áskrift gilda um. Vefurinn *hvar.is* er aðalþjónustuleið Landsaðgangs og þar eru m.a. veittar upplýsingar um gagnasöfnin, aðgang að þeim og samninga við útgefendur. Landsaðgangur er verkefni safnsins frá 2011. Fimm manna stjórnarnefnd tekur þátt í stefnumótun, ákvarðanatöku um val á efni og skiptingu greiðslna. Stjórnarnefnd var síðast tilnefnd á ársfundi 2010. Í stjórnarnefnd 2013 voru Anna Sveinsdóttir, varamaður Ásdís H. Hafstað, Baldvin Zarioh, varamaður Jenný Bára Jensdóttir, Guðrún Tryggvadóttir, varamaður Astrid Margrét Magnúsdóttir, Pálína Magnúsdóttir, varamaður Þóra Sigurbjörnsdóttir og Sólveig Þorsteinsdóttir, varamaður Anna Sigríður Guðnadóttir. Andrea Jóhannsdóttir hætti sem varamaður Guðrúnar Tryggvadóttur á árinu og eru henni þökkuð störf í þágu Landsaðgangs.

Í lok árs 2013 voru í Landsaðgangi 4.934 tímarit í fullum texta í s.k. tímaritasöfnum. Talsverð skörun er á titlum í EBSCOhost Premium og ProQuest Central gagnasöfnunum sem og við tímaritasöfnin. Ætla má að aðgangur hafi verið að um 15 þúsund tímaritatitlum hjá EBSCOhost og ProQuest. Þegar búið er að taka tillit til áætlaðrar skörunar á milli safna má gera ráð fyrir að í Landsaðgangi hafi verið aðgangur að texta um 20 þúsund tímarita. Heildarkostnaður var 252,2 millj. kr. Kostnaður við áskriftir var 236 milljónir kr., þar af 46,2 milljónir kr. fyrir gagnasöfn og 189,8 milljónir kr. fyrir tímaritasöfn. Framlag af fjárlögum til Landsaðgangs var 37,4 milljónir kr. og var 26,3 milljónum kr. varið til greiðslu á aðgangi en framlag um 200 greiðenda var um 111 milljónir kr. Sérstakt framlag ríkissjóðs var 83,9 milljónir kr. vegna slæmrar stöðu krónunnar. Notkun gagna- og tímaritasafna, að greinasafni *Morgunblaðsins* undanskildu, dróst saman um 7,0% á árinu. Auk hins eiginlega Landsaðgangs er aðgangur á öllu landinu að nokkrum gagnasöfnum fyrir tilstilli aðila sem kosta þau. Greiðslur vegna þeirra eru ekki teknar með í tölum um kostnað. Ársskýrsla Landsaðgangs er á *hvar.is*.

SÝNINGAR OG KYNNINGAR

Hlutverk einingarinnar er að sjá um sýningar, kynningar og útgáfumál safnsins. Sýningastjórar voru Emilía Sigmarsdóttir, sem lét af störfum í apríl og Ólafur J. Engilbertsson. Einingin hefur umsjón með kjörgrip mánaðarins á aðalvef safnsins, en fleiri starfsmenn leggja verkefninu lið.

Fjallkonan og Reykvíska eldhúsið

Sýningin *Fjallkonan og Reykvíska eldhúsið* var opnuð í tengslum við vetrarhátíð í byrjun febrúar. Kristín Jónsdóttir Dahlstedt rak veitingastaði víða við Laugavegin undir heitinu Fjallkonan á fyrri hluta 20. aldar, en ævisaga hennar var nýlega endurútgefin. Samstarf var við félagið Matur - saga - menning um að setja samhliða upp hluta sýningarinnar *Reykvíska eldhúsið* sem fyrst var sett upp á vegum félagsins 2008. Í tengslum við þá sýningu tók Miðstöð munnlegrar sögu viðtöl við fjörmarga einstaklinga um matarvenjur og var Miðstöðin einnig á vettvangi nú og tók viðtöl við fólk um matarvenjur. Boðið var upp á hrísgrjónavelling með kanil í anda Fjallkonunnar og Guðjón Friðriksson, Auður Styrkársdóttir, Nanna Rögnvaldardóttir og Reynir Ingibjartsson fluttu erindi tengd sýningunni. Samstarf var við Kvennasögusafn og Miðstöð munnlegrar sögu. Sýningin stóð fram í aprílbyrjun.

Viðurkenning Hagbenkis

Viðurkenning Hagbenkis, félags höfunda fræðibóka og kennslugagna fyrir árið 2011, var veitt í safninu 6. mars. Jón Ólafsson hlaut viðurkenninguna fyrir bókina *Appelsínur frá Abkasíu – Vera Hertzsch, Halldór Laxness og hreinsanirnar miklu*. Lítil sýning með gögnum tengdum útgáfunni opin fram í maí við Íslandssafn.

Femínistafélag Íslands

Sýning í tilefni af 10 ára afmæli Femínistafélags Íslands var opnuð þann 8. apríl. Kolbrún Anna Björnsdóttir hannaði sýninguna sem var hluti af námi hennar í hagnýtri menningarmiðlun. Sýningin byggir á vinnu Karenar Ástu Kristjánsdóttur og Rósu Bjarkar Bergþórsdóttur sem skrásettu sögu Femínistafélagsins á seinasta ári og var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Á sýningunni var stiklað á stóru í aðgerðum og áhrifum Femínistafélags Íslands síðustu 10 ár. Uppsetning sýningarinnar var styrkt af Hlaðvarpanum. Steinunn Rögnvaldsdóttir, talskona Femínistafélagsins flutti ávarp og einnig höfundur sýningarinnar, Kolbrún Anna Björnsdóttir. Samstarf var við Kvennasögusafn.

Eiríkur og Sigríður í Cambridge

Þann 20. apríl var opnuð sýning í tilefni af 100. ártíð Eiríks Magnússonar bókavardar í Cambridge (1833-1913). Eiríkur var menntaður guðfræðingur en sinnti fræðastörfum á mörgum sviðum. Hann var mikilvirkur þýðandi og útgefandi ýmissa fornrita, guðfræðirita, ljóða og sálma, þjóðsagna og ævintýra. Guðjón Jensson, Pétur Pétursson, Andrew Wawn og Auður Styrkársdóttir fluttu erindi auk þess sem menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir flutti inngangserindi. Samstarf var við Kvennasögusafn vegna þáttar Sigríðar Einarsdóttur

konu Eiríks í sýningunni en hún beitti sér mjög í kvenréttindamálum undir lok 19. aldar. Sýningarhönnuður var Ólafur J. Engilberts.

[Þýðingar á íslenskum bókmenntum](#)

Sett var upp örsýning 23. apríl við fyrirlestrasal Þjóðarbókhöfðinu á Þýðingum á Sjálfstæðu fólki eftir Laxness. Um var að ræða tilraunaverkefni til að kynna íslenskar bækur sem hafa verið þýddar á mörg tungumál.

[Utangarðs?](#)

Þann 25. maí var opnuð sýningin *Utangarðs?* sem fjallaði um utangarðsfólk frá seinni hluta 18. aldar og fram á fyrstu ár 20. aldar og um samfélagsbreytingar á þessum tíma, lög og reglugerðir um flakk og ómagaframfærslu, búsetu og atvinnuhætti. Sýningin var í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík og var á dagskrá hennar. Málþing á vegum námsbrautar í Þjóðfræði við HÍ var haldið í tengslum við sýninguna 14. sept. og erindi héldu Jón Gnarr borgarstjóri, Ólafur J. Engilbertsson, Hjörtur Þórarinnsson, Yngvi Leifsson, Már Jónsson, Guðný Hallgrímsdóttir, Harpa Björnsdóttir, Þórarinn Eldjárn, Halldór Baldursson, Sigríður Hjördís Jörundsóttir og Halldóra Kristinsdóttir. Til stendur að gefa út bók byggða sýningunni. Sýningarhöfundar voru Sigríður Hjördís Jörundsóttir og Halldóra Kristinsdóttir. Halldór Baldursson sá um myndskreytingar en Ólafur J. Engilbertsson hannaði sýninguna og bækling með útdráttum erinda á málþinginu.

[Heimskommúnisminn og Ísland](#)

Sýningin *Heimskommúnisminn og Ísland* sem fjallaði um hina alþjóðlegu kommúnistahreyfingu og starfsemi hennar á Íslandi var opnuð 23. ágúst. Evrópuþingið hefur lýst 23. ágúst Evrópuþingardag minningarinnar um fórnarlömb stálínismans og nasismans en þann dag árið 1939 gerðu Hitler og Stalín griðasáttmála sem hleypti af stað heimstyrjöldinni síðari. Við opnunina flutti eistneski sagnfræðingurinn og þingmaðurinn dr. Mart Nutt, sem situr í stjórn Mannréttindastofnunar Eistlands, erindið „Smáþjóð undir oki erlendis valds“ og pólski sagnfræðingurinn dr. Pawel Ukielski, forstöðumaður Minningarsafnsins um uppreisnina í Varsjá 1944, flutti erindi um hina sögulegu uppreisn. Sýningin stóð til 16. september. Þann dag flutti Dr. Andreja Valic Zver forstöðumaður Rannsóknarseturs um sögu og þjóðarsátt í Slóveníu fyrirlestur um það hvers vegna ekki megja gleyma fórnarlömbum alræðisstefnu 20. aldar í Evrópu, nasisma og kommúnisma. Fundarstjóri var Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra. Rannsóknarsetur um nýsköpun og hagvöxt við HÍ stóð að sýningunni. Höfundur var dr. Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor. Sögumiðlun ehf sá um sýningarhönnun.

[Frásagnir minninganna með Þórarni Eldjárn](#)

Þann 19. sept. var opnuð sýningin *Frásagnir minninganna* með Þórarni Eldjárn og var jafnframt fagnað útgáfu samnefndrar bókar. Á sýningunni var afrakstur fyrstu smíðjunnar á Íslandi innan verkefnisins *Listir og menning sem meðferð við Alzheimers sjúkdómnum*. Sú rannsókn beinist að meðferð við Alzheimers sjúkdómnum án lyfja og er upprunnin frá Minnismóttöku Virgen de la Arrixaca sjúkrahússins í Murcia á Spáni. Smíðjan sem var haldin í fyrirlestrasal í ágúst 2011 var í samstarfi við Þórarinn Eldjárn og 14 nemenda úr teiknideild Myndlistarskólans í Reykjavík. Hún var skipulögð af Félagi áhugafólks og aðstandenda Alzheimers sjúklunga og annarra skyldra sjúkdóma (FAAS) og Minnismóttöku Landakots og stóð yfir í tvær vikur. Halldóra Arnardóttir skipulagði verkefnið og sá um sýningarstjórn. Við opnun sýningarinnar flutti Halldóra erindi ásamt formanni FAAS, Fanney Proppé Eiríksdóttur, Guðlaugu Guðmundsdóttur, geðhjúkrunarfræðingi á Landspítala Íslands, Ingibjörgu Jóhannsdóttur skólastjóra Myndlistarskólans í Reykjavík og Jóni Snædal yfirlækni Minnismóttöku á Landakoti. Sýningin var samstarfsverkefni Halldóru Arnardóttur, FAAS og Lbs-Hbs.

[Íslenska barnabókin á 21. öldinni](#)

Þann 9. október var haldið í safninu málþing um stöðu og framtíð íslensku barnabókarinnar. Að málþinginu stóð Sigrún Klara Hannesdóttir fyrrverandi landsbókavörður. Samhliða málþinginu var sett upp lítil sýning við fyrirlestrasal á stytum úr safni Sigrúnar sem túlka lestur á ýmsan hátt. Jafnframt voru sett upp spjöld af sýningunni *Yndislestur æsku minnar*, sem fjallar um eftirminnilegar barnabækur og var fyrst sett upp í Amtsbókasafninu á Akureyri í tilefni af stofnun Barnabókaseturs 4. febrúar 2012. Spjöldin voru unnin af Nönnu Lind Svavarsdóttur. Fundarstjóri á málþinginu var Pálína Magnúsdóttir, borgarbókavörður og fluttu eftirtaldir erindi: Sigrún Klara Hannesdóttir, Brynhildur Þórarinsdóttir, Kristín Steinsdóttir, Þórgímur Þráinsson, Anna Heiða Pálsdóttir, Kjartan Yngvi Björnsson, Óskar Þór Þráinsson, Siggerður Ólöf Sigurðardóttir og Helga Birgisdóttir.

[Einkaútgáfur, örforlög og annarskonar miðlun – frá 1977 til samtímans](#)

Sýningin *Einkaútgáfur, örforlög og annarskonar miðlun* var opnuð 11. október. Þar var sýnt úrval einstakra verka á ýmsum miðlum frá síðustu áratugum. Verkin eiga það flest sammerkt að vera framleidd af hugkvæmni og á ódýran og hagkvæman máta og oft er hvert eintak handgert af höfundum og útgefendum. Örforlög hafa orðið til og blómstrað með nýjum miðlunarleiðum síðustu áratuga og sífellt auðveldara er að gefa út. Útgáfa

efnis á rafrænu formi fer einnig ört vaxandi og í þeim tilgangi að halda utan um rafræna útgáfu var rafræna gagnasafnið Rafhlaðan sett á laggirnar á vegum Lbs-Hbs. Á sýningunni mátti m.a. skoða ljóð í rafrænum útgáfum sem hefur verið skilað í Rafhlöðuna, en einnig hljómplötur, fjölrit, snældur, myndbönd og tölvuleiki. Miklar breytingar hafa orðið á síðustu áratugum 20. aldar og í byrjun þeirrar 21. á listsköpun, útgáfuháttum og fjölmiðlun. Sýningin var samstarfsverkefni Lbs-Hbs, pólsk-íslenska ljóðaverkefnisins ORT og Lestrarhátíðar í Reykjavík.

Jólamerki Thorvaldsensfélagsins

Á jólasýningu safnsins sem opnuð var 29. nóvember á 1. hæð var sýnt úrval jólamerkja Barnauppeldissjóðs Thorvaldsensfélagsins, en þess var minnst að 100 ár voru liðin frá því félagið gaf út fyrsta jólamerkið til styrktar góðu málefni. Ennfremur voru sýnd gögn frá félaginu sem varðveitt eru í Kvennasögusafni og í handritasafni. Margir af fremstu listamönnum þjóðarinnar hafa ljáð félaginu mynd til að prýða merki félagsins. Við opnunina sagði Anna Birna Jensdóttir, formaður Thorvaldsensfélagsins, frá jólamerkjum Barnauppeldissjóðs.

Sýningin var unnin í samstarfi við Thorvaldsensfélagið og Kvennasögusafn, en frummyndir jólamerkjanna eru varðveittar í handritasafni. Sýningarhönnuður var Ólafur J. Engilbertsson.

Steingrímur Thorsteinsson – 100. ártíð

Lítil sýning var opnuð í safninu 29. nóvember um Steingrím Thorsteinsson skáld, en 100 ár voru liðin frá andláti hans. Steingrímur fæddist á Arnarstapa á Snæfellsnesi 19. maí 1831 og lést 21. ágúst 1913. Hann má hiklaust telja í hópi svonefndra þjóðskálda. Sveinn Yngvi Egilsson prófessor við Háskóla Íslands fjallaði um verk Steingríms við opnunina og sýn skáldsins á náttúruna. Hannes Pétursson skáld veitti ráðgjöf við gerð sýningarinnar, sem og Guðjón Jensson, Árni Sigurjónsson og Birgir Ármannsson. Sýningarhönnuður var Ólafur J. Engilbertsson.

Kynjagreining sýninga og viðburða

Jafnræði var milli kynja höfunda og umfjöllunar efna sýninga sem voru ellefu á árinu, um 50% á hvort kyn. Kjörgripir mánaðarins voru um 70% eftir karla og 30% eftir konur. Aðeins fleiri konur fluttu erindi en karlar, 29 konur á móti 25 körlum.



Starfsmenn í stefnumótunarvinnu 29. janúar 2013.



Samstarfs- og hagsmunaaðilar í stefnumótunarvinnu 12. febrúar 2013.

ÞJÓNUSTA OG SAMSKIPTI VIÐ HÍ

Sviðið ber ábyrgð á þjónustu við notendur og samskiptum við Háskóla Íslands. Meginverkefni eru útlán, almenn upplýsingaþjónusta á 2., 3. og 4. hæð, umsjón með ritakosti og lesrýmum á 3. og 4. hæð, úthlutun lesherbergja, námsbókasafn, varðveisla lokaritgerða og Skemman, rafrænt gagnasafn háskólanna. Í lok ársins voru starfsmenn þjónustusviðs alls 15, en ársverk voru 10,9. Sviðsstjóri er Áslaug Agnarsdóttir.

ÚTLÁN

Notendaþjónusta – afgreiðsla

Vaktstöðvar útlána í safninu eru þrjár. Á 2. hæð er almenn afgreiðsla. Á 3. hæð eru veittar upplýsingar um blaða- og tímaritakost safnsins og lokaritgerðir nemenda við HÍ. Á 4. hæð eru veittar upplýsingar um bókakost safnsins, og þjónusta við notendur tón- og myndsafns. Þar er og námsbókasafn á opnu rými. Þá eru afgreidd rit sem safngestir biðja um úr geymslum.

Afgreiðslutími

Safnið var opið tæpa 80 tíma á viku yfir vetrartímann. Sumartími var í gildi frá 10. maí til 2. september og var safnið þá opið 40-44 tíma á viku. Lokað var á laugardögum frá 15. júní til og með 3. ágúst. Sami afgreiðslutími var einnig yfir jól og áramót. Afgreiðslutíminn var lengdur þrjár helgar um 6 tíma á viku vegna prófa í apríl/maí og í nóvember/desember.


Ritakostur

Flest rit á 3. og 4. hæð safnsins eru á opnu rými, en hluti ritakostsins er í geymslum í kjallara Bókhöfðunna og í Mjódd. Ekki eru öll rit lánuð út og má þar nefna rit sem gefin voru út fyrir 1910, tímarit, handbækur, barnabækur, smáprent og að sumu leyti stofnanaprent.

Útlán og innheimta

Útlánnum fækkaði lítillega á árinu en lítil breyting varð á útlánnum milli hópa. Skráðir lánþegar voru alls 15.733 í lok árs en tölvuskráð útlán voru 48.751. Fjöldi útlána til starfsmanna safnsins var 1.886, til kennara og starfsmanna Háskóla Íslands 4.104, til nemenda við Háskóla Íslands 34.629, til annarra háskólanema 1.686, til nema í framhaldsskólum 320, til fræðimanna 1.094, til almennra lánþega 4.316, og til gesta og annarra safna 716. Allir nemar Háskóla Íslands voru lesnir inn í bókasafnskerfið Gegni úr nemendaskrá Háskólans eins

og árið áður, óháð því hvort þeir nota safnið eða ekki. Í því felst mikill vinnusparnaður fyrir starfsmenn safnsins en gefur ekki rétta mynd af því hve margir lánþegar eru virkir notendur. Á eftirfarandi kökuriti sjást helstu hópar lánþega og hvernig útlán skiptast milli þeirra. Innheimta vanskilagagna gengur vel eftir að samstarf hófst við Motus (áður Intrum) á Íslandi.



Útgáfa


Nokkur útgáfa á bæklingum með upplýsingum handa safngestum á sér stað innan sviðsins á ári hverju.

Talningar

Til að fylgjast með nýtingu lessæta á 3. og 4. hæð er fjöldi gesta talinn reglulega, þ.e. á kvöldin, um helgar og að degi til í fyrstu viku hvers mánaðar. Niðurstöður koma fram í línuritum á bls. 39.

Lesrými

Í safninu eru um 700 sæti fyrir þá sem vilja hafa afnot af gögnum safnsins með einum eða öðrum hætti. Á 3. og 4. hæð er almennt lesrými með 408 lessætum við borð (með eða án tölvu), þar af 25 til 30 sæti í hópvinnuherbergjum. Þar eru einnig rúmlega 80 lágsæti, bæði við lágborð og í tón- og myndsafni. Lesrýmið er mest notað af nemum HÍ og er því nýting eðlilega mest á próftímum. Einnig er góð nýting meðan kennsla stendur yfir. Í safninu eru 26 lesherbergi sem safngestir geta leigt til ákveðins tíma. Mikil eftirspurn er eftir þessum herbergjum og eru þau nánast fullnýtt allt árið. Alls sótti 141 safngestur um aðstöðu í lesherbergjum, en 96 fengu úthlutað lesherbergi á árinu. Þar af voru 6 doktorsnemar (6%), 86 nemar í meistaranámi (90%) og 4 safngestir sem unnu að öðrum fræðistörfum og rannsóknarverkefnum eða ritsstörfum (4%). Herbergin voru leigð út mislengi en að meðaltali höfðu safngestir afnot af herbergi í tæpan þrjá og hálfan mánuð. Auk þess eru tvö stærri lesherbergi og eru þau ætluð fötluðum eða sjónskertum til almennrar notkunar. Þau eru einnig nýtt sem tveggja manna hópvinnuherbergi ef þau eru laus.



ÚTIBÚ

Safnið starfrækir nokkur útibú í þágu Háskóla Íslands. Þau eru flest á háskólalóðinni eða í næsta nágrenni hennar. Þeim hefur fækkað undanfarin ár. Bókavarsla er einungis í einu útibúi, í Lögbergi. Þar er veitt þjónusta tiltekinn tíma dag hvern. Í öðrum útibúum er aðeins um að ræða umsjón sem felst í reglubundnum eftirlitsferðum einu sinni til tvisvar í viku eða sjaldnar. Sú meginstefta hefur verið mörkuð að útibúin verði handbókasöfn og ritakostur þar ekki til útláns. Þau skulu einkum þjóna kennurum og sérfræðingum en stúdentum verði fremur beint í Þjóðarbiblíothöfðu. Í árslok voru eftirfarandi útibú starfrækt:

Bókastofa Hugvísindastofnunar á 3. hæð Nýja Garðs. Lokað handbókasafn kennara í hugvísinda-deild.

Bókastofa í Tæknigarði. Bækur á sviði stærðfræði og eðlisfræði. Bókastofan er lokað handbókasafn kennara og nemenda í framhaldsnámi.

Bókastofa lyfjafræðideildar, Haga við Hofsvallagötu. Handbókasafn kennara og nemenda í lyfjafræði og handbókasafn starfsmanna Rannsóknarstofu í lyfjafræði.

Lögberg. Bókasafn lagadeildar í Lögbergi.

Norræna húsið. Bókasafn sem tengist kennslu í sænsku er til húsa á skrifstofu lektorsins í Norræna húsinu og útlán í samkomulagi við hann.

Raunvísindastofnun Háskólans, Dunhaga 3. Handbóka- og tímaritasafn starfsmanna stofnunarinnar.

NÁMSBÓKASAFN

Námsbókasafn er safn bóka, ljósríta og annars efnis sem kennarar við HÍ hafa óskað eftir að sé aðgengilegt nemendum í tengslum við tiltekin námskeið sem eru kennd við skólann. Efnið er þá sett í hillur merktar viðkomandi námskeiði og lánstíminn takmarkaður. Námsbókasafnið er í opnu rými á 4. hæð safnsins. Gögn námsbókasafnsins eru ýmist til notkunar á staðnum, á dægurláni, þriggja daga láni, vikuláni eða tveggja vikna láni. Misjafnt er hvort kennarar hafi efni í námsbókasafni til útláns eða aðeins til notkunar á staðnum. Æ fleiri kennarar velja síðari kostinn. Þá hafa fleiri færi á að lesa ritin en ef þau eru lánuð út. Á vormisseri voru skráð 112 námskeið og á haustmisseri 126. Ótalin eru námskeið þar sem aðeins er um að ræða bækur sem kennarar koma með og eiga sjálfir eða ítarefni í möppum frá kennurum. Þá voru einnig settir í námsbókasafnið 289 DVD diskar sem voru teknar til hliðar og merktir námskeiðum, aðallega í kvikmyndafræði. Diskar og spólur eru að öllu jöfnu ekki lánuð út en kennarar hafa skilað inn nemendalistum í kvikmyndanámskeiðum og geta þeir nemendur fengið kvikmyndir lánaðar ýmist í 3ja daga lán eða dægurlán eftir fyrirætlum viðkomandi kennara. Kennarar á Hugvísindasviði og Félagsvísindasviði nota námsbókasafnið áberandi mest. Á árinu voru námskeiðin 135 á Hugvísindasviði og 83 á Félagsvísindasviði. Önnur svið sem voru með bækur á námsbókasafninu voru Heilbrigðisvísindasvið 5, Verkfræði- og náttúruvísindasvið 10 og Menntavísindasvið 4. Eintök í námsbókasafni voru 2.863 á vormisseri og 2.454 á haustmisseri.

LOKAVERKEFNI OG RANNSÓKNARIT

Safnið varðveitir lokaritgerðir nemenda við HÍ að undanskildum ritgerðum nemenda Menntavísindasviðs,

en þær eru varðveittar í bókasafni sviðsins. Ritgerðir í pappírsformi eru geymdar á 3. hæð og í kjallara, og eru ekki til útláns. Á síðasta ári var hætt að skrá BA og BS ritgerðir í Gegni, þar sem allar ritgerðir eru nú settar í Skemmuna og þar er raf-rænn aðgangur að þeim. Skemman er einnig tengd við *leitir.is* þannig að hægt er að leita að ritgerðunum þar og komast beint í þær.

Skemman

Skemman er varðveislusafn allra íslenskra háskóla. Reksturinn er hjá Lbs-Hbs. Á árinu var alls skilað 3.938 skjölum í Skemmuna af nemendum og akademískum starfsmönnum Háskóla Íslands. 3.556 ritgerðum og rannsóknarverkefnum var skilað af nemendum og skiptist fjöldinn á sviðin eins og hér segir: Félagsvísindasvið 1.525 ritgerðir, Heilbrigðisvísindasvið 460 ritgerðir, Hugvísindasvið 754 ritgerðir, Menntavísindasvið 435 ritgerðir, Verkfræði- og náttúruvísindasvið 382 ritgerðir og rannsóknarverkefni. Ef námsstig er skoðað nánar var 2.020 ritgerðum í grunnnámi, 41 rannsóknarverkefni, 1.435 meistaraþrófs- og kandidateitritgerðum og 60 doktorsritgerðum skilað í Skemmuna. Mikill munur er á skilum doktorsritgerða í Skemmuna milli sviða. Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði var 28 doktorsritgerðum skilað inn, en aðeins einni ritgerð var skilað inn á bæði Félagsvísindasviði og Hugvísindasviði. Þar sem þessar tölur endurspeglar ekki fjölda útskrifaðra doktora við Háskóla Íslands er brýnt að Háskólinn setji strangari reglur um skil doktorsritgerða. Akademískir starfsmenn skiluðu 382 greinum, skýrslum eða öðrum ritverkum. Ráðstefnuriti Þjóðarspegilsins, *Rannsóknir í félagsvísindum XIII*, var skilað inn í Skemmuna, auk erinda af *Vorráðstefnu Viðskiptafræðideildar* og *Sögubíngi Sagnfræðistofnunar*. Tímaritinu *Stjórnsmál og stjórnsýsla* var einnig skilað inn.


ÁRSTÖLUR

Í lok árs eru teknar saman og birtar tölur um notendur og þjónustu við þá. Einnig tölur um safnkost, aðföng og ýmsa rekstrarþætti, svo sem starfsemi myndastofu og bókbands, um starfsmenn og fjárhag safnsins. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á framsetningu tölfræði undanfarin ár, bæði til einföldunar og í takt við breytta starfsemi safnsins.

NOTENDUR OG ÞJÓNUSTA

Notendur safnsins eru bæði þeir sem koma í safnið og þeir sem nota vefi safnsins. Lesendur á lessal handrita-safns og Íslandssafns eru taldir en þar sem ekki er hægt að telja alla þá sem koma í safnið eru notendur á opnum rýmum 3. og 4. hæðar taldir fyrstu viku hvers mánaðar. Á virkum degi á próftíma eru um 350 notendur á 3. og 4. hæð þegar flest er.

TALNING Á FJÖLDA GESTA Á 3. OG 4. HÆÐ SAMANBURÐUR 2012 TIL 2013



NOTKUN Á VEFJUM SAFNSINS

	Notendur		Flettingar	
	2012	2013	2012	2013
timarit.is	660.438	717.324	7.043.093	6.590.156
skemman.is	225.661	319.855	2.049.618	2.252.161
landsbokasafn.is	83.691	79.869	381.335	323.448
hvar.is (Landsaðgangur)	42.764	37.657	202.338	170.895
handrit.is	24.338	28.123	254.335	224.228
vefsafn.is	12.610	19.078	176.167	211.980
baekur.is	14.944	16.013	279.753	316.940
jonashallgrimsson.is	10.114	14.777	36.922	50.736
Islandskort.is	5.303	13.629	57.355	70.748
rafhladan.is	6.807	9.058	34.589	80.233
kvennasogusafn.is	6.550	8.467	22.496	23.666
inngangur.landsbokasafn.is	4.902	5.508	116.736	132.278
utgafuskra.is	2.658	2.685	10.319	7.619
hask.landsbokasafn.is	1.254	2.025	36.641	46.332
doktor.landsbokasafn.is	2.727	1.346	27.872	21.419
sagas.landsbokasafn.is	376	1.313	5.510	4.887
sagnanet.is	864	0	1.956	0
openaccess.is	609	0	2.118	0
munlegsaga.is		600		2.400
Samtals 19 vefir	1.106.610	1.277.327	10.739.153	10.533.126

Sagnanetið var tekið niður í mars 2012 og lénið látið vísa á *handrit.is*. Einnig var ákveðið að loka vefnum *openaccess.is* sama ár þar sem aðilar utan safnsins settu upp sambærilegan vef, *opinnadgangur.is*. Í byrjun desember 2012 var vefnum *sagas.landsbokasafn.is* hleypt af stokkunum, en hann er gagnasafn um þýðingar Íslendingasagna. Vefurinn *munlegsaga.is* er nýr í talningu.

NOTKUN Á STAFRÆNUM GAGNA- OG TÍMARITASÖFNUM

	2010	2011	2012	2013
Samtals sóttar greinar í Landsaðgangi ¹	907.294	1.128.802 ²	1.261.809	1.177.235
Samtals sóttar greinar í gagnasafn Morgunbl. ³	2.004.420	2.942.890	2.598.155	2.009.862
Samtals sóttar greinar í séráskriftum HÍ ⁴	33.778	70.381	90.513	110.030
Samtals sóttar greinar	2.945.492	4.142.073	3.950.477	3.297.127

FJÖLDI LÁNÞEGASKÍRTEINA

	2010	2011	2012	2013
Nemar HÍ	3.292	13.890 ⁵	13.311	13.720
Starfsmenn HÍ og Lbs-Hbs	941	793	657	990
Nemar utan HÍ	705	431	297	342
Aðrir lánþegar	941	1.174	930	681
Samtals	5.879	16.288	15.195	15.733

¹ Í ársskýrslu Landsaðgangs á vefnum *hvar.is* er að finna nánari upplýsingar um notkun á stafrænu söfnunum.

² Vegna vantalningar 2011 hafa tölur breyst úr 1.096.540 í 1.128.802 sóttar greinar.

³ Árið 2010 tengdi Morgunblaðið við Google leitarvélinu og umferð um vefinn jókst mjög mikið.

⁴ Tölur um notkun á séráskriftum HÍ ná aðeins til hluta safnanna, en ekki er hægt að fá tölur úr þeim öllum (sjá bls. 32).

⁵ Frá árinu 2011 eru allir nemar við HÍ lesnir inn í bókasafnskerfið Gegni úr nemendaskrá skólans. Aðgerðin sparar mikla vinnu, en enn er ekki hægt að aðskilja virka og óvirka lánþega.

LESTRARSALUR HANDRITASAFNS OG ÍSLANDSSAFNS

Fjöldi gesta	2010	2011	2012	2013
Karlar			3.718	2.925
Konur			1.635	1.265
Samtals	7.050	7.150	5.353	4.190

LEIGA LESHÉRBERGJA (MÁNUÐIR)

Fjöldi gesta			2012	2013
Karlar			68	60
Konur			249	237
Samtals			317	297

PRENTUN OG LJÓSRITUN SAFNGESTA

Fjöldi blaðsíðna	2010	2011	2012	2013
Prentun	210.799	669.873	338.067	217.577
Ljósritun	373.435	242.711	175.372	183.127

ÚTLÁN

	2010	2011	2012	2013
Útlán – Þjóðarbiblíotíð og útibú				
Stúdentar HÍ	43.899	39.621	37.678	34.629
Starfsmenn HÍ og Lbs-Hbs	8.448	7.495	6.671	2.006
Nemar utan HÍ	3.240	3.054	2.920	5.990
Aðrir lánþegar	8.889	7.644	7.082	6.126
Samtals	64.476	57.814	54.351	48.751
Íslandsefni lánað á lestrarsal	9.215	9.565	5.635	4.545
Handrit lánuð á lestrarsal	3.189	3.684	2.780	2.342
Tón- og myndsafr				
Hljóðrit – útlán	39	89	51	48
Myndefni – útlán	1.237	1.430	1.222	1.075
Tölvugögn – útlán	55	52	35	28
Nótur – útlán	93	86	125	163
Myndefni – áhorf	210	235	254	252
Hljóðrit – hlustun	194	183	168	160
Samtals	14.232	15.324	10.270	8.613
Heildarútlán	78.708	73.138	64.621	57.364

MILLISAFNALÁN OG GREINAPJÓNUSTA

Fjöldi notenda				2013
Karlar				1.115
Konur				1.432
Samtals				2.547

MILLISAFNALÁN

	2010	2011	2012	2013
Til bókasafnsins				
Bækur o.fl.	1.367	1.345	1.178	1.157
Greinar - ljósrit	1.031	1.197	1.170	917
Frá bókasafninu				
Bækur o.fl.	573	523	440	391
Greinar - ljósrit	706	566	312	517
Samtals	3.677	3.631	3.098	2.982
Millisafnalán til handritasafns	71	38	24	3
Millisafnalán frá handritasafni	47	81	70	52
Samtals í handritasafni	118	119	94	55
Millisafnalán í heild	3.795	3.750	3.194	3.037

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA

	2010	2011	2012	2013
Fjöldi gesta á safnkynningum				
Frumkynningar fyrir HÍ	1.386	767	996	1.027
Framhaldskynningar fyrir HÍ	991	989	736	841
Aðrir	241	24	81	5
Samtals	2.618	1.780	1.813	1.873
Fjöldi safnkynninga				
Frumkynningar fyrir HÍ	34	29	46	42
Framhaldskynningar fyrir HÍ	48	54	47	23
Aðrir	18	10	4	1
Samtals	100	93	97	66
Bæklingar				
Nýir	5	4	7	12
Endurútgáfa	20	23	23	22
Samtals	25	26	30	34
Fyrirspurnir	2010	2011	2012	2013
Upplýsingaþjónusta				
Tölvupóstur	467	544	566	479
Í síma eða á staðnum	611	114	193	324
Heimildaleitir	28	25	47	47
Tón- og myndsafn	25	18	15	36
Íslandssafn	24	22	17	19
Kvennasögusafn (heimsóknir og fyrirspurnir)	369	335	277	398
Miðstöð munnlegrar sögu			25	26
Samtals	1.524	1.058	1.140	1.329

SAFNKOSTUR OG REKSTUR

AÐFÖNG

Skylduskil ⁶	2010	2011	2012	2013
Bækur (rit skráð sem bækur)	6.156	6.458	5.260	5.306
Tímarit (hefti)	6.916	6.579	6.943	5.539
Blöð (tölublöð)	4.003	6.226	7.125	5.944
Ársskýrslur	719	579	444	396
Veggspjöld	224	334	268	99
Landakort	99	49	11	18
Smælki (einingar)	7.552	6.372	8.026	6.240
Hljóðrit ⁷	800	915	769	356
Myndbönd og mynddiskar ⁸	107	93	60	29
Hljóðbækur	121	60	180	224
Margmiðlunardiskar/tölvugögn	0	14	8	8
Stafrænt efni í Skemmunni (fjöldi verka)	2.214	2.779	2.207	3.938
Stafrænt efni í Rafhlöðunni (fjöldi skráa) ⁹	993	1.424	56	2.105
Vefsöfnun – fjöldi skjala í þúsundum	2010	2011	2012	2013
Heildarsafnanir	208.744	266.623	285.703	277.228
Vikulegar safnanir	95.630	75.503	98.171	132.168
Atburðasafnanir	36.944	15.857	1.164	48.513
Efni frá Internet Archive 1996-2004				47.000
Samtals fjöldi skjala í þúsundum	341.318	357.983	385.038	504.909
Önnur aðföng	2010	2011	2012	2013
Bækur, keyptar	1.456	2.525	3.287	2.900
Bækur, gjafir/ritaskipti	4.210	6.532	3.574	3.224
Erlend tímarit, keypt í Lbs-Hbs og HÍ	552	511	582	598
Erlend tímarit, keypt af stofnunum HÍ	50	30	28	10
Erlend tímarit, gjafir/ritaskipti	400	310	300	230
Eldri árgangar tímarita	34	203	160	57
Íslensk tímarit, keypt	106	109	104	101
Íslensk tímarit, gjafir	53	50	40	25
Hljóðrit, keypt	54	186	136	59
Hljóðrit, gjafir	54	6	24	55
Myndbönd og mynddiskar, keypt	175	300	319	95
Myndbönd og mynddiskar, gjafir	236	145	36	20
Hljóðbækur	33	3	2	3
Aðföng handritasafns (einingar)	50	80	53	87
Aðföng Kvennasögusafns (einingar)	27	13	11	18
Aðföng Miðstöðvar munnlegar sögu (einingar)		14	28	23

⁶ Hér eru talin þau þrjú eintök sem varðveitt eru í Lbs-Hbs af bókum, dagblöðum, hljóðbókum og margmiðlunardiskum en tvö eintök eru varðveitt af smælki og veggspjöldum. Tölur um smælki eru áætlaðar.

⁷ Hér eru talin þau eintök af útgefnum hljóðritum sem varðveitt eru í Lbs-Hbs. Hér eru einnig taldir titlar sem einstaklingar, kórar og hljómsveitir gefa út á eigin vegum.

⁸ Þ.e. titlar.

⁹ Leiðréttar tölur, en efni fyrir 2011 var oftalið. Einnig hefur verið grísað efni úr Rafhlöðunni.

MYNDASTOFA

	2010	2011	2012	2013
Stafrænar myndir (fjöldi blaðsíðna)				
Blöð og tímarit	302.258	357.740	316.188	163.275
Bækur	57.434	88.912	54.670	84.545
Handrit	109.877	41.644	21.097	15.974
Íslandskort		20	939	190
Ekki til birtingar á vefjum safnsins			31.118	3.492
Samtals fjöldi blaðsíðna	469.569	488.316	424.012	267.466

BÓKBANDSVERK

	2010	2011	2012	2013
Einingar	48.226	48.587	43.275	44.066

ALÞJÓÐLEG BÓK- OG TÍMARITSNÚMER

ISSN-tímaritsnúmer	2010	2011	2012	2013
Fjöldi stakra númera	39	23	25	46
ISBN-bóknúmer				
Fjöldi forlagsraða	66	69	88	56
Fjöldi stakra númera	180	194	214	228
ISMN-nótunúmer ¹⁰				
Fjöldi númeraraða				6
Fjöldi stakra númera				4

YFIRLIT YFIR ÁRSVERK STARFSMANNA SKIPT Á STARFSEININGAR

	2010	2011	2012	2013
Aðföng og skráning		20.78	17.63	18.13
Miðlun og rafrænn aðgangur		9.00	8.50	9.75
Rekstur og upplýsingatækni		11.75	13.05	12.00
Varðveisla og stafræn endurgerð		19.20	17.32	18.00
Þjónusta og samskipti við HÍ		11.52	12.88	10.90
Samtals ársverk¹¹	76.55	72.25	69.38	68.78
Flokkun starfsmanna (ársverk)	2010	2011	2012	2013
Bókasafnsfræðingar	26.35	24.70	24.30	23.55
Aðrir háskólamenntaðir	23.48	21.93	21.45	21.43
Aðrir bókaverðir	10.90	11.47	11.48	10.90
Aðstoðar- og skrifstofufólk	7.92	6.25	3.00	4.00
Iðnmenntaðir	7.90	7.90	9.15	8.90
Samtals stöðugildi	76.55	72.25	69.38	68.78

¹⁰ Alþjóðlega nótnúmerakerfið ISMN var innleitt í janúar.

¹¹ Nýtt skipurit var tekið í notkun 2011 og fyrri skipting á svið á ekki við.

REKSTRARGJÖLD (Í ÞÚS. KRÓNA)

	2010	2011	2012	2013
Laun	418.110	418.866	425.890	433.369
Ritakaup og aðgangur að rafrænum gögnum	292.795	266.583	297.469	307.702
Önnur gjöld	269.631	229.736	241.158	236.704
Samtals	980.536	915.185	964.517	977.775
Hlutfallstölur	2010	2011	2012	2013
Laun	42.7	45.8	44.2	44.3
Ritakaup	32.8	29.1	30.8	31.5
Önnur gjöld	24.5	25.1	25.0	24.2

REKSTRARREIKNINGUR (Í ÞÚS. KRÓNA)

Tekjur	2012	2013
Framlag Háskóla Íslands til ritakaupa	50.692	42.974
Innheimt vegna Landsaðgangs að stafrænum gögnum og tímaritum	106.978	113.194
Aðrar tekjur	67.505	55.303
Af fjárlögum	730.088	747.176
Samtals	955.263	958.647
Gjöld		
Laun	425.890	433.369
Rekstur húsnæðis	124.047	122.604
Ritakaup og aðgangur að rafrænum gögnum	73.173	71.703
Landsaðgangur að stafrænum gögnum og tímaritum	224.296	235.999
Kostnaður vegna bókasafnskerfa (Landskerfi bókasafna og fleira)	23.887	23.794
Rekstur tölvu- og tækjabúnaðar	29.807	35.545
Önnur gjöld	63.417	54.761
Samtals	964.517	977.775
Rekstrarafgangur / halli	-9.254	-19.128



Starfsmenn í stefnumótunarvinnu 29. janúar 2013.

